



**Félagslegur veruleiki ungmenna af erlendum uppruna á
unglingastigi grunnskóla og viðleitni náms- og starfsráðgjafa
til að efla félagslega virkni þeirra**

Helga Sigríður Eiríksdóttir

**Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf
Félagsvísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Félagslegur veruleiki ungmenna af erlendum uppruna á unglíngastigi
grunnskóla og viðleitni náms- og starfsráðgjafa til að efla félagslega virkni
þeirra**

Helga Sigríður Eiríksdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Leiðbeinandi: Dr. Gerður G. Óskarsdóttir

Meðleiðbeinendur: Dr. Anh-Đào Tràn og Dr. Sif Einarisdóttir

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2017

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Helga Sigríður Eiríksdóttir 2017

Reykjavík, Ísland 2017

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að veita innsýn inn í félagslegan veruleika ungmenna af erlendum uppruna á unglingastigi grunnskóla frá sjónarhóli náms- og starfsráðgjafa, ásamt því að gera grein fyrir viðleitni ráðgjafanna til að efla félagslega virkni þeirra. Rannsóknin byggðist á viðtölum við sex náms- og starfsráðgjafa sem störfuðu við jafnmarga grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður gefa til kynna að félagslegur veruleiki ungmenna af erlendum uppruna mótist af ákveðnum hindrunum að mati viðmælenda. Vegna tungumálaörðugleika áttu þau oft erfitt með samskipti við aðra nemendur og starfsfólk skólanna. Menningarmunur, til dæmis í uppeldisaðferðum og ábyrgð ungmennanna innan fjölskyldunnar, virtust einnig hindra félagslega virkni þeirra. Tungumálavandi og menningarmunur gerði samskipti foreldra þeirra við skólann flókinn en túlkar gegna mikilvægu hlutverki. Vinna náms- og starfsráðgjafanna með nemendum af erlendum uppruna fólst annars vegar í að virkja þau félagslega til þátttöku í íþrótt- og félagsstarfi. Hins vegar unnu þeir með þeim í ýmiss konar hópastarfi innan skólans og beindu þeim í atvinnutengt nám í þeim tilgangi að styrkja þau félagslega. Hagnýtt gildi og nýmæli þessarar rannsóknar felst í upplýsingum sem ekki hafa legið fyrir áður um félagslegan veruleika þessara ungmenna, hindranir sem þau mæta og viðleitni náms- og starfsráðgjafa til að koma til móts við þau.

Abstract

The aim was to study the social reality of youths of foreign origin at the middle school level in Iceland from the viewpoint of school counsellors, as well as to ascertain the counsellors' efforts to reinforce their social activities. This research was conducted using qualitative interviews. The participants were six school counsellors working in six different schools in the Reykjavík area. The results indicated that the social reality of these youngsters was impacted by language barriers that often made it difficult to communicate both with their peers and with school staff. Cultural differences, including family values and rules as well as obligations at home, also seemed to restrain their social activity. Language and cultural issues also made communication between their parents and school staff difficult, but interpreters, if available, played an important role in those circumstances. School counsellors' efforts to help them included encouraging and assisting them to participate in sports and leisure activities and working with them in personal group work within the schools. The practical value and innovations of this study consist of new information about the social reality of these youngsters, the obstacles they encounter, and the efforts school counsellors use to meet their needs.

Formáli

Þessi rannsókn er 30 ECTS eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Markmið hennar er að kanna félaglegan veruleika sem mætir ungmennum af erlendum uppruna í grunnskóla, ásamt því að gera grein fyrir viðleitni náms- og starfsráðgjafa til að efla félagslega virkni þeirra.

Áhuga minn á þessu viðfangsefni má tengja við starf mitt sem leikskólakennara, sem ég hef starfað við í rúman áratug. Í því starfi hef ég meðal annars unnið með börnum af erlendum uppruna og hef ég oft hugsað til þeirra og velt því fyrir mér hvernig þeim vegni í grunnskólanum eftir að leikskólagöngu þeirra lýkur. Ég hef einnig velt sérstaklega fyrir mér hver sé félaglegur veruleiki nemenda af erlendum uppruna sem koma til Íslands á unglingsaldri og fara beint inn í unglingsdeild grunnskólans. Fáar rannsóknir eru til um það hvernig náms- og starfsráðgjafar geta aðstoðað nemendur af erlendum uppruna til að þau geti notið sín innan grunnskólakerfisins. Þessi nemendahópur fer ört stækkandi á Íslandi og því tel ég mikilvægt að þekking og skilningur á þeim veruleika sem þau búa við liggja fyrir og nýtist náms- og starfsráðgjöfum í vinnu með þessum nemendahópi.

Rannsóknin var unnin undir handleiðslu Dr. Gerðar G. Óskarsdóttur, Dr. Anh-Đào Trân og Dr. Sifjar Einarsdóttur. Ég færi þeim mínar bestu þakkir fyrir faglega leiðsögn og jákvæðan og uppbyggilegan stuðning í öllu ferlinu. Önnu Katrínu Ragnarsdóttur, Ingu Guðrúnu Kristjánsdóttur og Guðrúnu Magneu Guðmundsdóttur færi ég mínar bestu þakkir fyrir gagnlegar ábendingar og aðstoð. Foreldrar mínir fá mínar bestu þakkir fyrir stuðning á heimilinu. Eiginmanni mínum og börnum vil ég sérstaklega þakka fyrir mikla þolinmæði en einnig mikilvæga hvatningu. Að lokum vil ég þakka viðmælendum mínum fyrir þátttöku í rannsókninni því án þeirra hefði hún ekki orðið að veruleika.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli.....	5
1 Inngangur.....	8
1.1 Fjölmeningarsamfélag.....	8
1.1.1 Menning og fjölmeningarhyggja.....	9
1.1.2 Fjölmening á Íslandi.....	11
1.1.3 Félagsleg staða fólks af erlendum uppruna í samfélaginu	12
1.2 Fjölmeningarlegur skóli.....	13
1.2.1 Birtingarmynd fjölmeningar í skólum.....	14
1.2.2 Jafnrétti til náms	16
1.2.3 Stefna og áætlanir	17
1.2.4 Félagsleg aðlögun nemenda af erlendum uppruna í skólum á Íslandi.....	18
1.3 Hlutverk náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum gagnvart nemendum af erlendum uppruna	20
1.3.1 Hlutverk náms- og starfsráðgjafa	21
1.3.2 Fjölmeningarleg náms- og starfsráðgjöf.....	21
1.3.3 Fjölmeningarleg hæfni.....	23
1.4 Rannsóknarspurningar	25
2 Aðferð	26
2.1 Þátttakendur	26
2.2 Framkvæmd.....	27
2.3 Úrvinnsla og greining gagna	27
2.4 Siðferðileg sjónarmið	28
3 Niðurstöður.....	29
3.1 Félagslegur veruleiki nemenda af erlendum uppruna	29
3.2 Viðleitni ráðgjafa til að efla félagslega virkni ungmenna af erlendum uppruna.....	41

4	Umræður.....	48
4.1	Félagslegar hindranir nemenda af erlendum uppruna í grunnskólum	48
4.2	Fjölmenningarlegir náms- og starfsráðgjafar – orð og athöfn	54
5	Lokaorð	58
	Heimildaskrá.....	59
	Fylgiskjal I - Trúnaðaryfirlýsing og samþykki fyrir þátttöku	64
	Fylgiskjal II - Viðtalsrammi.....	65

1 Inngangur

Fólki með erlendan bakgrunn hefur fjölgað mjög mikið hér á landi undanfarna tvo áratugi (Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson, 2011) og þar af leiðandi hefur nemendum af erlendum uppruna einnig fjölgað í skólum (Hagstofa Íslands, 2016b). Í takt við breytt samfélag verða náms- og starfsráðgjafar sem vinna með börnum og unglingum úr annarri menningu að geta brugðist við og aðstoðað þau að fóta sig í íslensku skólakerfi og samfélagi. Náms- og starfsráðgjafar eru oft meðal þeirra fyrstu sem aðstoða nemendur af erlendum uppruna sem koma til landsins og fara strax inn í íslenska skólakerfið. Þeir eru því í mikilvægri aðstöðu til að leiðbeina nýkomnum nemendum af erlendum uppruna, ásamt því að styrkja erlenda nemendur sem nú þegar búa á landinu og eru í námi (Cedefop, 2014). Áhugi var á að skoða hvernig þessum nemendahópi farnast félagslega í skólanum og hvernig náms- og starfsráðgjafar koma að aðstoð við þá.

Í rannsóknum á líðan og félagslegum veruleika nemenda af erlendum uppruna hér á landi hefur komið fram að þeir eigi félagslega erfitt uppdráttar í grunnskólakerfinu (Anh-Đào Trần, 2015; Hanna Ragnarsdóttir 2004, 2011; Nína V. Magnúsdóttir, 2010; Þóroddur Bjarnason, 2006). Ætla má að náms- og starfsráðgjafar sem starfa innan grunnskólans hafi tækifæri til þess að bregðast við þeim félagslegu hindrunum sem þessi nemendahópur mætir í grunnskólanum.

Markmiðið með þessari rannsókn var að kanna félagslegan veruleika sem mætir ungmennum af erlendum uppruna á unglingastigi grunnskóla frá sjónarhóli náms- og starfsráðgjafa, ásamt því að gera grein fyrir viðleitni náms- og starfsráðgjafar til að efla félagslega virkni þeirra. Þess er vænst að niðurstöður rannsóknarinnar geti síðan nýst náms- og starfsráðgjöfum til að skilja betur þann félagslega veruleika sem nemendur af erlendum uppruna búa við og geti nýtt sér þá vitneskju í vinnu sinni með þessum nemendahópi í grunnskólanum.

1.1 Fjölmenningsamfélag

Samfélög eru að verða stöðugt margbreytilegri hvað varðar menningu, uppruna fólks, tungumál og trúarbrögð. Fjölbreytileiki samfélaga er ekki tímabundið fyrirbæri heldur hefur hann stöðugt verið að aukast (Mor-Barak, 2005). Til að átta sig betur á því hvað er átt við með fjölbreytileika samfélaga er mikilvægt að útskýra hvað hugtökin menning (e. *culture*) og fjölmenningsarhyggja (e. *multiculturalism*) standa fyrir. Tilgangurinn er að skilja betur bakgrunn

og félagslega stöðu nemenda af erlendum uppruna sem koma oft og tíðum úr menningu með gjörólíkum siðum og samskiptamáta en ríkir hér á landi og vera í kjölfarið betur í stakk búinn til að bregðast við fjölbreytileikanum. Fjölmenningarhyggja er hugmyndafræði sem leggur upp með að virk samskipti séu á milli ólíkra menningarhópa í samfélaginu og að allir hafi sömu réttindi og sömu tækifæri innan þess.

1.1.1 Menning og fjölmenningarhyggja

Fræðimenn innan ólíkra fræðisviða hafa átt erfitt með að skilgreina hugtakið menningu (e. *culture*). Um miðja 20. öldina tengdu mannfræðingar í Bandaríkjunum hugtakið við félagsvísindi til að geta skilgreint af hverju fólk á mismunandi stöðum í heiminum væri ólíkt í hegðun og hugsun (Banks og Banks, 2010). Innan félagsvísinda er nú talað um að menning geti verið ákveðið kerfi þar sem hópur fólks deilir með sér sömu reglum, venjum og siðum. Einstaklingar sem fæðast í sama húsi og foreldrar þeirra þurfa ekki að upplifa sömu menningu og foreldrarnir vegna kynslóðamismunar. Menning er hreyfanleg og þróast með samfélaginu. Það sama á við um einstaklinga eins og merkja má á mismun milli kynslóða (Garcea, 2005; Nieto 2010).

Sonia Nieto (2010) hefur skrifað mikið um fjölmenningu og skólastarf. Hún telur að í Bandaríkjunum sé litið svo á að menning sé ákveðin heimsýn sem er sköpuð, notuð og hægt að breyta af einstaklingum í samfélaginu. Þessi heimsýn felur í sér síbreytileg gildi, hefðir og félagsleg og stjórnámálaleg tengsl fólks, sem sameinast um að móta viðkomandi samfélag. Undirstöðuatriði í þessari sýn Nieto eru þættir sem eru eins hjá einstaklingunum í samfélaginu, eins og sameiginleg saga, landfræðileg staðsetning, tungumál, stéttarstaða og trúarbrögð. Bhikhu Parekh (2000, 2006), sem er áberandi í skrifum um fjölmenningarfræði í Bretlandi, telur eins og Nieto (2010) að menning sé breytileg í samfélaginu en ólíkt henni telur hann að hún takmarkist ekki við þjóðerni og tungumál. Ólíkir menningarhópar hafa ólíka sýn á það hvernig samfélagið á að vera og það getur verið flókið fyrir stjórnvöld að mæta kröfum margra ólíkra hópa með þarfir allra að leiðarljósi. Til að mæta þessum kröfum getur hugmyndafræðin um fjölmenningsamfélag brúað bilið á milli menningarhópa sem getur styrkt samfélagið í heild sinni (Parekh, 2000, 2006).

Á Íslandi er talað um fjölmenningu (e. *multiculture*) og líklega oftast í merkingunni fjölmenningsamfélag. Fjölmennung er skilgreind sem: „Menning þar sem ólíkir menningarstraumar mætast, víxlast og hafa áhrif hver á annan og ólíkt fólk (til dæmis vegna

uppruna, kyns, kynhneigðar, trúar, siða tungumáls, stéttar og fötlunar) býr og starfar saman“ (Orðabanki Íslenskrar málstöðvar, e.d.a). Fjölmennningarhyggja (e. *multiculturalism*) er hugmyndafræði sem skipar stóran sess innan fjölmenningarfræða. Þó að samfélög skilji og greini ekki öll hugmyndafræðina á sama hátt felur hún í sér í öllum tilvikum réttlæti og jafnrétti. Í þessu felst meðal annars að nemendur af erlendum uppruna hafi sömu möguleika og aðrir þegnar í samfélaginu til að eiga farsæla skólagöngu (Anh-Đào Trần, 2015 og Parekh, 2006). Í tengslum við það er mikilvægt að skoða inntak fjölmennningarhyggjunnar sem leggur upp með að allir hafi jöfn tækifæri og aðgengi í samfélaginu.

Hugmyndafræðin sem nefnd hefur verið fjölmennningarhyggja varð til á sjöunda áratug síðustu aldar. Hún varð til vegna viðleitni ólíkra menningarhópa til að vísa á bug bæði kröfunni um aðlögun þeirra að ríkjandi menningu og kynþáttafordómum, en leggja í staðinn áherslu á gagnkvæma aðlögun allra í fjölmenningsamfélagi (Parekh, 2006).

Fjölmennningarhyggja er grundvallarhugtak í fjölmenningarfræðum og skilgreining á hugtakinu samkvæmt Orðabanka Íslenskrar málstöðvar virðist ná vel þeim grundvallaratriðum sem kemur inn á að hvað fjölmennningarhyggja sé:

Hugmyndafræði eða stefna sem boðar að í fjölmenningarlegum samfélögum séu virk samskipti milli mismunandi menningarhópa, og að einstaklingar með ólíkan bakgrunn (til dæmis vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, trúar, siða, tungumáls, stéttar og fötlunar) búi og starfi saman á jafnréttisgrundvelli, njóti sama réttar, hafi sömu möguleika og séu jafngildir samfélagsþegnar (Orðabanki Íslenskrar málstöðvar, e.d.b).

Hugtakið fjölmennningarhyggja vísar þannig til stefnu og hugmyndafræði sem viðurkennir ólík menningarsamfélög og hópa innan samfélaga. Þó að innleiðing fjölmennningarhyggju sé af mörgum talin árangursrík íhlutun fyrir samfélög er hugtakið bæði umdeilt og tilfinningahlaðið. Á meðan sumir telja fjölmennningarhyggju vera leiðina til að fást við menningarlegan fjölbreytileika álíta aðrir að hún ýti undir ágreining og togstreitu í samfélaginu (Verkuyten, 2004).

Nútímasamfélög standa frammi fyrir því í síauknum mæli að minnihlutahópar krefjast viðurkenningar, bæði á menningarlegum fjölbreytileika og sjálfsmynd sinni, að mati Will Kymlicka (1996). Oft er talað um þetta sem aðaláskorun og viðfangsefni fjölmennningarhyggju nú á dögum. Stór þáttur í þessari sýn er að horfa á það sem fólk á sameiginlegt sem einstaklingar og um leið að bera virðingu fyrir því sem er ólíkt. Það getur hins vegar reynst

erfitt þar sem meirihlutaþópar samfélagsins hafa oftast þjóðernislega yfirburði, sem veitir þeim stjórnina í samfélaginu. Leiðin sem meðal annars er hægt að fara til að koma í veg fyrir hvers kyns mismunun og óréttlæti er að ýta undir þátttöku minnihlutaþópa í samfélaginu og einnig að veita þeim öll þau réttindi og þjónustu sem samfélagið býður upp á (Kymlicka, 1996). Tekið verður mið af áherslum fjölmenningshyggju, eins og þeim hefur verið lýst hér við greiningu niðurstaðna þessarar rannsóknar.

Í samfélögum þarf því að vera skilningur á þeirri þróun sem í gangi er til að unnt sé að skapa öllum jöfn tækifæri. Á undanförunum árum hefur orðið breyting á íslensku samfélagi. Samfélagið sem áður fyrr var talsvert einsleitt hvað varðar menningu og uppruna íbúa hefur verið að þróast yfir í samfélag með fólki af ólíkum uppruna og menningu, öðru nafni fjölmenningsarsamfélag (Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson, 2011).

1.1.2 Fjölmening á Íslandi

Á Íslandi hefur fólki með erlendan bakgrunn fjölgað mikið á síðustu áratugum. Hlutfall erlendra ríkisborgara hér á landi hefur hækkað úr um 2% frá árinu 1950 upp í 8% árið 2016 (Hagstofa Íslands, 2016a). Á árinu 1990 fluttu fleiri einstaklingar frá landinu en til þess og þeir sem fluttu hingað voru flestir frá Norðurlöndunum. Þegar Ísland varð aðili að EES árið 1993 varð mikil fjölgun á innflytjendum frá öðrum löndum Evrópu. Fjölgunin varð mest frá löndum eins og Póllandi, Litháen og löndum fyrrum Júgóslavíu, á meðan þeim fækkaði frá Norðurlöndunum (Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson, 2011). Skilgreining á hvað innflytjandi sé samkvæmt Hagstofu Íslands (2016d) er:

Einstaklingur sem er fæddur erlendis og af foreldrum sem eru líka fæddir erlendis, sem og báðir afar og ömmur. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem eru fæddir á Íslandi af foreldrum sem eru báðir innflytjendur. Fólk er talið með erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent (Hagstofa Íslands, 2016d).

Í tölum frá Hagstofu Íslands (2016d) kemur fram að árið 2012 voru innflytjendur um 8% mannfjöldans á Íslandi en í byrjun árs 2016 var fjöldinn kominn upp í tæp 10% landsmanna. Flestir innflytjendur koma frá Póllandi eða um 38% allra innflytjenda, en næst flestir koma frá Litháen og Filippseyjum eða 5% innflytjendur frá hvoru landi fyrir sig. Annarri kynslóð innflytjenda hefur einnig fjölgað á milli ára og eru nú fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda samanlagt tæp 11% landsmanna. Hlutfall þeirra hefur því aldrei verið hærra hér á landi.

Í grein Ólafar Garðarsdóttur og Guðjóns Haukssonar (2011) er komið inn á það vandamál að skilgreina innflytjendur og aðra einstaklinga með erlendan bakgrunn hér á landi. Þar kemur fram ýmis vandi, bæði með skilgreiningu á íbúum eftir fæðingarlandi og ríkisfangi. Íslendingar búsettir erlendis, sem eru meðal annars í námi, eignast oft börn sín þar sem gætu þá talist til fólks af erlendum uppruna. Einstaklingar sem eru með íslenskt ríkisfang teljast ekki vera af erlendum uppruna. Það er auðvitað eðlilegt en þegar einungis er horft á ríkisfangið getur einstaklingur af erlendum uppruna talist vera borinn og barnfæddur Íslendingur í kerfinu. Norðurlandabúar sækja síður um íslenskt ríkisfang en innflytjendur frá ýmsum öðrum löndum, sem stundum eru mun ólíkari okkar að menningu, en þeir sækja fyrr um íslenskt ríkisfang en Norðurlandabúar. Ástæðan fyrir því að Norðurlandabúar sækja ekki um íslenskt ríkisfang er eflaust einkum sú að þeir njóta svipaðra réttinda og íslenskir ríkisborgarar hér á landi og sjá sér þess vegna engan sérstakan hag í því.

Til að geta orðið hluti af samfélagi er ekki nóg að hafa ríkisborgararétt, heldur skiptir einnig máli hvernig fólki gengur að aðlagast samfélaginu félagslega. Hér á eftir verður fjallað um félagslega stöðu fólks af erlendum uppruna og hversu erfitt það er oft fyrir fólkið að verða hluti af samfélaginu. Í þessari rannsókn er notuð sú skilgreining að einstaklingur telst vera af erlendum uppruna ef báðir foreldrar hans eru fæddir erlendis, hvort sem hann sjálfur er fæddur erlendis eða hér á landi.

1.1.3 Félagsleg staða fólks af erlendum uppruna í samfélaginu

Í nútímasamfélögum er fjölmennig veruleiki og vegna aukinnar hnattvæðingar, sem felur meðal annars í sér flutning á vöru og þjónustu og ferðalög fólks þvert á landamæri, geta samfélög ekki verið óháð hvert öðru og einangruð (Parekh 2000, 2006). Þegar viðhorf til nýrrar menningar er almennt neikvætt innan samfélags er líklegra að innflytjendur eigi erfiðara með að mynda tengsl og sjálfsmýnd þeirra verður neikvæðari en ef viðhorf til nýrrar menningar er jákvæð innan samfélags (Portes og MacLeod, 1996). Innflytjendastefna landsins sem fólk flytur til skiptir máli og nauðsynlegt er að hún virði og taki tillit til menningarlegrar fjölbreytni (Phinney, Horenczyk, Liebkind og Vedder, 2001).

Félagsleg samskipti milli fólks er stór þáttur í samfélögum nútímans og þau geta verið bæði áskorun og flókin fyrir fólk af erlendum uppruna. Þar skipta almenn viðhorf, siðir og venjur í ríkjandi menningu og innflytjendastefna landsins meginmáli. Í daglegum samskiptum gefur fólk sér oft fyrirfram að viðmælandi þeirra skilji það sem verið er að segja. En fólk af erlendum

uppruna áttar sig kannski ekki alltaf á óyrtum skilaboðum sem fólk lætur í ljós í samskiptum sín á milli með ýmis konar handahreyfingum og látbragði. Einnig getur verið erfitt að skilja umræður sem fjalla um eitthvað tengt menningu viðkomandi samfélags sem einstaklingar frá ólíkum menningarheimum þekkja lítið til (John-Steiner og Mahn, 1996). Í fjölmenningsamfélögum er munurinn sá að lagt er upp úr að viðurkenna menningu og siði ólíkra hópa innan samfélagsins en í samfélögum sem eru einsleitari er fremur ætlast til að innflytjendur aðlagi sig að ríkjandi menningu (Kymlicka, 1996). Siðir og uppeldisaðferðir geta verið talsvert ólíkar eftir menningum. Foreldrar af erlendum uppruna ala oftast börn sín upp eftir þeim hefðum og siðum sem þeir ólust upp við sjálfir og einkenna þeirra menningu. Uppeldisaðferðir þeirra geta stangast á við þá menningu sem er til staðar í samfélaginu. Það getur haft áhrif á skilning og getu barna og ungmenna til að tileinka sér nám og félagslega færni innan samfélagsins (Wertsch, 1984).

Skólinn skiptir þau ungmenni sem hér eru til umræðu þess vegna miklu máli og þá ekki einungis vegna námsins heldur einnig til að öðlast færni í samskiptum í fjölmenningsamfélagi nútímans. Góð aðlögun að skólanum er undirstöðuatriði í félags- og menningarlegum þroska barna og ungmenna af erlendum uppruna (Phinney, Horenczyk, Liebkind og Vedder, 2001). Samkvæmt Leung (2001) virðist tilhneigingin oft vera sú að tengja góðan námsárangur nemenda við vel heppnaða aðlögun þeirra að skólanum. Minna sé horft á það hvernig þeim gengur að fóta sig í daglegum samskiptum við aðra og hvernig aðrir aðlaga sig að þeim í daglegri umgengni. Þessi þættir gefa tilefni til að varpa ljósi á félagslegan veruleika þessara nemenda í skólakerfinu.

1.2 Fjölmenningslegur skóli

Í ljósi þess að félagsleg samskipti er stór þáttur í nútímasamfélögum verður skólakerfið að vera meðvitað um hvernig megi koma til móts við nemendur af erlendum uppruna og ólíkar félagslegar þarfir þeirra ekki síður en námslegar til þess að þeim líði vel í skólanum. Í þessari rannsókn er markmiðið meðal annars að kanna þann félagslega veruleika sem mætir ungmennum af erlendum uppruna í grunnskólanum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir ákveðnum þáttum sem allir hafa bein eða óbein áhrif á veruleika þessa nemendahóps. Fyrst er komið inn á birtingarmynd fjölmennings innan skólans, því næst verður gerð grein fyrir jafnrétti allra til náms, þá er skoðuð stefna og áætlanir varðandi fjölmenningu í skólastarfi

Reykjavíkurborgar og að lokum sagt frá rannsóknum sem tengjast félagslegri aðlögun nemenda af erlendum uppruna í skólum á Íslandi.

1.2.1 Birtingarmynd fjölmennningar í skólum

Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið á höfuðborgarsvæðinu síðustu tuttugu árin og þá sérstaklega í Reykjavík. Tölur frá Hagstofu Íslands (2016c) sýna að árið 1996 voru tæplega 3.000 íbúar í Reykjavík af erlendum uppruna en voru um 16.000 árið 2016. Grunnskólanemendum með erlent móðurmál hefur því fjölgað jafnt og þétt frá árinu 1997 til ársins 2015 á höfuðborgarsvæðinu, þar sem þeir voru rétt um 200 árið 1997 en voru orðnir rúmlega 2.000 árið 2015 (Hagstofa Íslands, 2016b).

Oftast er talað um þennan hóp ýmist sem innflytjendur eða nemendur af erlendum uppruna en báðir hóparnir eiga það sameiginlegt að eiga erlenda foreldra sem þeir fluttu með til Íslands eða hafa búið hér alla tíð ásamt foreldrum sínum. Þeir eiga það einnig sameiginlegt að á heimilum þeirra er talað annað tungumál en íslenska (Guðlaug Ólafsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen, 2012). Þessi fjölgun erlendra nemenda er mikil áskorun fyrir skólakerfið og getu þess til að búa sífellt fjölgandi hópi nemenda ánægjulega dvöl í skólanum bæði námslega og félagslega séð.

Samkvæmt Loewen (2004) geta einstaklingar innan þessa nemendahóps átt margt sameiginlegt en einnig geta aðstæður þeirra verið mjög ólíkar innbyrðis. Innflytjendur eiga stundum þann kost að geta valið sér lönd að flytjast til og um leið geta þeir ef til vill kynnt sér tungumálið áður en þeir koma og jafnvel lært eitthvað í því. Flóttafólk hins vegar kemur oft með stuttum fyrirvara og hefur yfirleitt lítið val um hvert það flytur. Börn innflytjenda eiga almennt að baki skólagöngu sem gerir þeim auðveldara fyrir að kynnast nýju skólakerfi. Börn flóttafólks og hælisleitenda hafa aftur á móti kannski búið við mikið óöryggi vegna stríðs eða fátæktar og hafa því oft og tíðum fengið óreglulega skólagöngu eða jafnvel enga.

Hælisleitendum hefur fjölgað á Íslandi undanfarin ár. Þessi hópur fólks sem kemur á eigin vegum til landsins er mjög viðkvæmur og hefur oft upplifað erfiða hluti. Hælisveiting fyrir einstaklinga innan þessa hóps hefur það í för með sér að viðkomandi hefur réttarstöðu flóttamanns (Lög um útlendinga nr. 96/2002). Í kjölfar mikillar aukningar umsókna um hæli hafa stjórnvöld ákveðið að fara í gagngera greiningu og mat á gæðum aðlögunar flóttafólks og innflytjenda að samfélaginu á árunum 2016-2019 (Þingskjal nr. 1285/2015-2016). Í skýrslu frá Ríkisendurskoðun (2015) um málefni innflytjenda og útlendinga hér á landi var búið að benda

á að þörf væri á að skoða betur hvernig tekið er á móti hælisleitendum og flóttafólki. Þar kom einnig fram að styrkja þyrfti ýmsa þætti sem geta ýtt undir farsæla þátttöku innflytjenda í íslensku samfélagi og þar getur skólinn skipt miklu máli.

Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir (2010) telja að viðhorfið um litla þörf á að huga að menningarlegum fjölbreytileika nemenda hafi verið nokkuð algengt í íslenska skólakerfinu. Hugsunin hafi frekar verið sú að margbreytileiki nemenda komi ekki til með að hafa áhrif á skólastarfið. Jafnframt hefur því verið haldið fram að þessir erlendu nemendur séu ekki komnir til að vera heldur muni snúa aftur til síns lands og allt muni verða eins og áður. Samkvæmt Siraj-Blatchford (2002) hefur viðhorf starfsfólks í grunnskólum stundum verið á þá leið að engin þörf væri á að huga að fjölbreytilegum nemendahópum í skólastarfinu. Ef fáir erlendir nemendur eru í skólanum er algengt viðhorf að ekki þurfi að breyta neinu í skólaumhverfinu fyrir þennan nemendahóp. Afstaðan hjá skólunum geti verið á þá leið að þessir einstaklingar hafi viljað koma hingað og það sé í þeirra höndum að aðlagast samfélaginu. Einnig að það sé allt í lagi að fjalla um aðra menningu en bara ekki of mikið. Nemendur af erlendum uppruna geta átt erfitt með að verða hluti af menningu nýja samfélagsins eins og kom fram í rannsókn Steen-Olsen (2013) þar sem hann rannsakaði líðan barna og ungmenna af erlendum uppruna á grunnskólaaldri í einu bæjarfélagi í Noregi. Í ljós kom að þau tengdu sig meira við menningu foreldra sinna heldur en menningu norskra skólafélaga sinna. Í kjölfarið áttu þau í erfiðleikum með að eignast norska vini og tóku minna þátt í tómstundum og félagsstarfi eftir skóla heldur en norskir samnemendur þeirra.

Á Íslandi hefur það sýnt sig að þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi og félags- eða tómstundastarfi hefur jákvæð áhrif á líðan ungmenna á unglingsstigi grunnskólans. Tilfinningin að tilheyra einhverjum hópi er mikilvæg á þessum árum fyrir sjálfsmyndina (Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2006).

Hvorki samfélagið né skólakerfið hér á landi virðist hafa verið nægilega meðvitað um hvernig best sé að taka á móti einstaklingum af erlendum uppruna. Afleiðingin er meðal annars sú að nemendur í þessum hópi eiga oft á tíðum í erfiðleikum í félagslegum samskiptum við íslenska samnemendur sína. Þar geta náms- og starfsráðgjafar í grunnskólanum komið til sögunnar og aðstoðað þá meðal annars með að efla félagslega virkni sína ásamt stuðningi við nám sitt sem allir nemendur eiga rétt á.

1.2.2 Jafnrétti til náms

Samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992 eiga öll börn að njóta sömu tækifæra og í 28. grein hans kemur fram að aðildarríki sáttmálans eigi að sjá til þess að ráðgjöf og upplýsingar séu til staðar og að börnin eigi auðvelt með að nálgast hvoru tveggja (Umboðsmaður barna, e.d.). Jafnrétti til náms er lögfest hér á landi með lögum um grunnskóla (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Í 2. grein laganna segir að „... grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins“ (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Þrátt fyrir ofangreind ákvæði í grunnskólalögum um jafnan rétt allra til náms hefur skólastjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki grunnskólans oft reynst erfitt að vinna með nemendum af erlendum uppruna. Fyrir suma er það jafnvel talsverð ný reynsla. Þeim finnst þeir oft ekki vera nægilega undirbúnir námslega eða fá nægilegan stuðning frá skólakerfinu til að sinna þessum nemendahópi. Hann samanstendur oft og tíðum af einstaklingum með ólíkan menningarbakgrunn, tungumál og námsþarfir (Hanna Ragnarsdóttir, 2010, 2011). Til að geta brúað þessa gjá á milli nemenda af erlendum uppruna og annarra nemenda þyrfti skipulagið á skólakerfinu að breytast talsvert. Bent hefur verið á (Banks, 2010; Nieto, 2010) að skólinn eigi að tryggja að allir hafi sömu tækifæri til menntunar, óháð menningu, þjóðerni eða trúarlegum bakgrunni. Meðal annars hefur verið lagt til að gera breytingar á tungumálakennslunni, kennsluaðferðum og auka samstarf heimilis og skóla (OECD, 2010). Til að þessum nemendahópi gangi vel innan skólans verði lagt upp með að skólakerfið geri breytingar sem lúta að fjölmenningarlegum kennsluháttum. Þá er mikið lagt upp úr að efla samskiptahæfni og félagsþroska nemenda. Eitt af markmiðum þess samkvæmt Banks (2010) og Nieto (2010) er meðal annars að komið sé fram við alla nemendur á jafnréttisgrundvelli og að þeir upplifi að það sem þeir hafa fram að færa sé metið að verðleikum og má þar nefna fyrri reynsla þeirra og þekkingu. Ef þessu er ekki fylgt eftir munu nemendur minnihlutahópa eins og erlendum uppruna geta átt erfitt uppdráttar bæði námslega og félagslega í skólanum.

Nemendur af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra þurfa því ekki aðeins að aðlaga sig að skólakerfinu heldur verður skólakerfið einnig að aðlaga sig að þeim. Skólinn er eins og fjölmenningsarsamfélag og allt skólakerfið í heild sinni þarf samkvæmt Nieto (2010) að aðlaga sig að þessum nemendum til að þeir geti blómstrað í námi sínu og skólanum eins og aðrir nemendur hafa tækifæri til. Nieto (2010) telur einnig að skólustefnur sem eru við lýði í dag

virðast styðja suma nemendur umfram aðra eða að þær séu miðaðar við ákveðinn nemendahóp, sem nemendur af erlendum uppruna falla kannski ekki undir. Hér sé í raun ekki verið að vinna á jafnréttisgrundvelli gagnvart þessum nemendum.

Í grein Kasurinen, Juutilaine, Mastoraki og Saukkonen (2005) um vinnu með nemendum af erlendum uppruna í ráðgjöf kemur fram að náms- og starfsráðgjafar eigi ekki einungis að miða að því að aðlaga nemendurna að ríkjandi menningu heldur fremur að efla og styrkja þá. Í því felst meðal annars að ýta undir jákvæða sjálfsmynd þeirra og stuðla að samskiptum við aðra.

Eins og fram hefur komið hafa allir nemendur jafnan rétt til náms og einnig til náms- og starfsráðgjafar, bæði til að hjálpa þeim í náminu og að líða vel í skólanum sem er hluti af fjölmennningarlegu samfélagi. Innan Reykjavíkurborgar er í gildi stefna um fjölmennningarlegan skóla sem ætlað er að hjálpa skólum við að búa öllum nemendum jafnan rétt til náms og félagslegra samskipta. Í grunnskólunum eiga jafnframt að liggja fyrir móttökuáætlanir vegna nýrra nemenda í skólanum. Skoðum þetta efni nánar.

1.2.3 Stefna og áætlanir

Reykjavíkurborg hefur gefið út fjölmennningarlega skólastefnu, *Heimurinn er hér* (2014), í anda ákvæða laga og námskrár um jafnan rétt nemenda til náms. Hún á að vera starfsfólki ýmissa stofnanna innan borgarinnar til stuðnings og þar eru kynntar hugmyndir að leiðum til að mæta þörfum ólíkra nemendahópa. Í stefnunni er ekki komið sérstaklega inn á hvert starfsvið náms- og starfsráðgjafa sé gagnvart henni, heldur er talað almennt um starfsfólk og kennara í skólanum (Fríða B. Jónsdóttir, 2014). Þessari stefnu verður lýst hér nánar sem dæmi um slíka stefnumörkun.

Fjölmennningarlega skólastefnan, *Heimurinn er hér*, er ætluð fyrir leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðvar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar innan Reykjavíkurborgar. Aðaláherslurnar sem fram koma í stefnunni eru þrjár: fjölbreyttir kennsluhættir, íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi og foreldrasamstarf. Í stefnunni er lögð áhersla á jákvæð samskipti á milli barna og unglinga með virðingu fyrir hvert öðru að leiðarljósi. Lagt er upp úr að einstaklingar af erlendum uppruna rækti móðurmál sitt, ásamt því að ná tókum á íslensku sem sé mikilvæg forsenda jafnréttis og þátttöku í íslensku lýðræðissamfélagi. Starfsfólk skóla og frístundastarfs á að vera meðvitað um mikilvægi þess að þekkja börnin, unglingana og

fjölskyldur þeirra. Samstarf við foreldra er talið mikilvægur þáttur til að koma í veg fyrir að ólík menning, sýn og reynsla geti orðið hindrun í samstarfi þeirra (Fríða B. Jónsdóttir, 2014).

Gerðar eru sérstakar móttökuáætlanir fyrir umræddan nemendahóp í einstökum grunnskólum í samræmi við 16. grein grunnskólalaga (Lög um grunnskóla nr. 91/2008) þar sem segir að í hverjum grunnskóla eða sveitarfélagi skuli unnið eftir móttökuáætlun fyrir nýja nemendur. Gert er ráð fyrir að hver skóli lagi áætlunina að sínu umhverfi og gefi nemendum og foreldrum um leið yfirsýn um starfsemi skólans. Foreldrar eiga samkvæmt lagagreininni rétt á að fá upplýsingar um nám barns síns og um skólastarfið í heild sinni. Ef foreldrarnir eru af erlendum uppruna eiga þeir rétt á tálkaþjónustu í samskiptum sínum við skólann. Ekkert kemur fram um rétt nemenda til tálkaþjónustu í grunnskólalögum en þeir eiga hins vegar rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Hvorki í grunnskólalögum né fjölmenningslegri skólafélagi Reykjavíkurborgar er talað um aðkomu náms- og starfsráðgjafa sérstaklega en lagt er upp með að þeir sem vinna með þessum nemendahópi starfi eftir stefnunni sem mörkuð hefur verið í vinnu sinni með nemendum. Þeir sem koma að því að aðstoða ungmenni af erlendum uppruna geta hagað vinnu sinni betur gagnvart þeim ef þeir gera sér grein fyrir hvaða félagslegum hindrunum, ekki síður en námslegum, þau geta mætt í íslensku skólasamfélagi og því verður næst skoðaðar nokkrar nýlegar niðurstöður rannsókna um þessar hindranir.

1.2.4 Félagsleg aðlögun nemenda af erlendum uppruna í skólum á Íslandi

Á undanförunum árum hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir hér á landi sem varða börn og unglinga af erlendum uppruna og þá einkum hvaða hindrunum þau mæta í skólanum, líðan þeirra, kennsluhætti og félagslega einangrun (Hanna Ragnarsdóttir, 2011). Hér verður gerð grein fyrir nokkrum rannsóknum sem tengjast þessu efni til að átta sig á hver staðan er hjá unglingum af erlendum uppruna hvað varðar félagslegan veruleika þeirra sem er eitt meginefni þessarar rannsóknar.

Í rannsókn Nínu V. Magnúsdóttur (2010) sem byggðist á viðtölum við unglinga af erlendum uppruna og kennara kom meðal annars fram að nemendum fannst erfitt að upplifa félagslega einangrun. Niðurstöður hennar bentu einnig til að ekki sé nóg að bæta kunnáttu þeirra í íslensku til að veita þessum nemendahópi aðgang að vinskapa íslenskra skólafélaga þeirra. Ef nemendur eru félagslega einangraðir getur það meðal annars komið fram í líðan þeirra.

Börnum með báða foreldra af erlendum uppruna leið ekki eins vel í skólanum og börnum með báða foreldra af íslenskum uppruna samkvæmt rannsókn þar sem borin var saman líðan þessara tveggja hópa í skólanum. Einnig kom fram að börnin sem áttu foreldra af erlendum uppruna séu í meiri hættu á að verða fyrir einelti en börn íslenskra foreldra (Þóroddur Bjarnason, 2006).

Í langtímarannsókn Hönnu Ragnarsdóttur (2008) er meðal annars komið inn á þann veikleika hjá skólakerfinu gagnvart nemendum af erlendum uppruna að ýmislegt vantar upp á í þekkingu og skipulagi í skólastarfinu til að geta mætt þörfum þeirra. Hanna telur að skólann skorti heildarsýn og í raun samræmda skólastefnu til að mæta þessum nemendahópi því úrræðin sem voru notuð til að sinna börnum af erlendum uppruna voru ólík eftir skólum og kennurum.

Anh-Đào Trần (2015) kannaði hversu vel skólakerfinu hér á landi hefur tekist að tryggja ungu fólki úr þjóðernisminnihlutahópum jafnan rétt. Hún tók viðtöl við 13 einstaklinga frá Víetnam, á aldrinum 16-25 ára, í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. Í rannsókninni kom fram að þó að lög, reglugerðir og námskrár segi að taka eigi tillit til einstaklinga af erlendum uppruna í skólakerfinu, þá sé það í raun ekki alltaf þannig. Of mikið sé horft á það sem þeim gengur illa með, til dæmis íslenska tungumálið. Hún telur að betra væri að viðurkenna og horfa á styrkleika þeirra í sinni eigin menningu og tungumáli, sem síðan gæti eflt þau og hjálpað þeim í námi sínu. Anh-Đào (2015) greinir frá því að nemendurnir hafi gert sér grein fyrir veikleikum sínum gagnvart tungumálakunnáttu og einnig fundu þeir fyrir félagslegri einangrun frá íslenskum skólafélögum sínum. Þau voru ekki einungis að meðtaka menningu sem fyrir var, heldur einnig að móta og skapa sína eigin menningu í leik og starfi (Hanna Ragnarsdóttir, 2004).

Önnur niðurstaða en í fyrrnefndum rannsóknunum fékkst í rannsókn Svanhildar Daníelsdóttur (2009) sem tók viðtöl við sex nemendur á aldrinum 18-19 ára af erlendum uppruna sem höfðu lokið grunnskólagöngu úr mismunandi skólum. Hjá nemendum kom fram að þeim hafði bæði liðið og gengið vel í skólanum þó að skólastarfið hafi ekki verið skipulagt með fjölmenningslega menntun í huga. Í viðkomandi skóla var lítið lagt upp úr hópverkefnum, samræðum og samvinnuverkefnum sem áhersla er lögð á í fjölmenningslegri menntun.

Af ofanefndum rannsóknum má sjá að aðlögun barna og unglunga af erlendum uppruna á grunnskólaaldri að nýju samfélagi er yfirleitt flókið ferli og erfitt að nefna einhverja eina góða leið sem gagnast öllum. Lögð er áhersla á að ákveðin grundvallarþekking sé fyrir hendi hjá skólunum á málefnum þessara nemendahópa og góð samskipti við heimili þeirra. Einnig er nauðsynlegt að styðja við íslenskunám þeirra og tryggja að þau taki virkan þátt í skólastarfinu með það meðal annars að leiðarljósi að styrkja samskiptin við íslenska jafnaldra (Hanna Ragnarsdóttir, 2011).

Nemendur af erlendum uppruna eru fjölbreyttur hópur með misjafnar þarfir sem getur gert það að verkum að innan skólakerfisins liggur ekki fyrir þekking um hvernig best sé að aðstoða þau. Það endurspeglast síðan í félagslegum veruleika þeirra innan skólans. Eins og kom hér fram að ofan hafa nýlegar rannsóknir hér á landi sýnt meðal annars fram á að hindranir eins og félagsleg einangrun hefur reynst þessum nemendahópi einna erfiðast að upplifa. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa í grunnskólanum er að hafa hag nemenda sinna að leiðarljósi og leitast við að skapa þeim öllum sömu tækifæri. Til þess þurfa þeir að vera móttækilegir fyrir því að vinna með nemendum úr ólíkum menningarheimum (American School Counselor Association, 2010).

Á grunni lagalegs jafnréttis til náms og annarrar stefnumörkunar og rannsókna á félagslegri aðlögun nemenda af erlendum uppruna í grunnskólum verður í næsta kafla komið nánar inn á hlutverk náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum og það skoðað út frá fjölmenningslegri náms- og starfsráðgjöf og fjölmenningslegri hæfni ráðgjafanna.

1.3 Hlutverk náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum gagnvart nemendum af erlendum uppruna

Nemendur af erlendum uppruna er fjölbreyttur hópur með ólíkar þarfir, eins og áður hefur komið fram. Þau koma frá mismunandi menningarheimum sem getur haft áhrif á félagslegan veruleika þeirra. Náms- og starfsráðgjafar eru í góðri aðstöðu innan skólanna til að aðstoða nemendur af erlendum uppruna en markmiðið með þessari rannsókn er meðal annars að gera grein fyrir viðleitni náms- og starfsráðgjafa til að efla félagslega virkni þessa nemendahóps á unglingastigi grunnskólans. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hlutverki náms- og starfsráðgjafa með tilliti til markmiðsins og hvernig þeir geti nýtt sér fjölmenningslega ráðgjöf og hæfni til að styðja við þessa nemendur. En fyrst verður rætt stuttlega um almennt hlutverk náms- og starfsráðgjafa til að undirbyggja umfjöllunina.

1.3.1 Hlutverk náms- og starfsráðgjafa

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa geta verið talsvert ólík eftir því hvar þeir starfa í samfélaginu. Á heimasíðu Félags náms- og starfsráðgjafa (2015) kemur fram að: „Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar [sé] að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi.“

Náms- og starfsráðgjafar starfa meðal annars í grunnskólum þar sem nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Í 13. grein laga um grunnskóla segir að náms- og starfsráðgjöf sé lögbundinn hluti af sérfræðipjónustu skólans (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum vinna náið með nemendum, foreldrum, kennurum, stjórnendum skólanna og öðru starfsfólki innan skólans.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa í grunnskóla er einnig að aðstoða nemendur í samskiptum við jafnaldra sína, ásamt því að ráðleggja þeim ýmislegt varðandi námið sitt (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2015; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Í grunnskólanum eru náms- og starfsráðgjafar meðal annars að aðstoða nemendur af erlendum uppruna í samskiptum við íslenska samnemendur sína. Í slíkum aðstæðum geta þeir aðstoðað nemendurna því náms- og starfsráðgjafar eru fulltrúar nemenda og bera hag þeirra fyrir brjósti (Parikh, Post og Flowers, 2011). Það er því grundvallaratriði að þeir séu undirbúnir fyrir að aðstoða nemendur frá ólíkum menningarheimum sem eiga jafnmikinn rétt á farsælu námi og almennri vellíðan í skólanum eins og þeir sem eru af íslenskum uppruna.

Nemendur af erlendum uppruna eiga oft erfitt með að verða samþykktir félagslega sem hluti af nemendahópnum eins og rannsóknir á félagslegri stöðu ungmenna af erlendum uppruna hafa meðal annars sýnt fram á hér á landi (Þóroddur Bjarnason, 2006; Hanna Ragnarsdóttir, 2010; Nína V. Magnúsdóttir, 2010; Anh-Đào Tràn, 2015). Til að styðja við bakið á þessum nemendahópi þá þurfa náms- og starfsráðgjafar, meðal annars að geta tileinkað sér fjölmennningarlega ráðgjöf.

1.3.2 Fjölmennningarleg náms- og starfsráðgjöf

Innan náms- og starfsráðgjafarfræðanna hefur í gegnum tíðina verið lögð lítil áhersla á hvernig eigi að aðstoða fólk af erlendum uppruna í námi og starfi. Samkvæmt rannsókn Arredondo, Rosen, Rice, Perez og Tovar-Gamero (2005) á fræðigreinum í tímaritinu *Journal of Counseling & Development* sem fjölluðu um ráðgjöf og þróun hennar kom fram að á árunum 1990 til 2001

fjölluðu aðeins um 3% greina af 102 um málefni sem tengjast innflytjendum og ráðgjöf fyrir þá. Viðfangsefni fræðigreinnanna tengdist oft mjög afmörkuðum hópi, eins og til dæmis flóttafólki, en ekki var nein umræða um hvernig takast á við þarfir stærri hópa ýmissa innflytjenda. Ráðgjafar hafa því veikan grunn að byggja á gagnvart fjölmennningarlegri ráðgjöf.

Fjölmennningarleg ráðgjöf hefur verið að þróast í gegnum árin. Á sjöunda áratugnum var byrjað að tala um fjölmennningarlega ráðgjöf (e. *cross-cultural*). Sálfræðileg ráðgjöf (e. *counseling psychology*) eins og þá tíðkaðist var gagnrýnd fyrir að hún hentaði aðeins fólki af vestrænum uppruna (Sue, Bernier, Durran, Feinberg, Pedersen, Smith og Vasquez-Nuttall., 1982). Í fjölmennningarlegri ráðgjöf fólst að meira var farið að skoða hvernig minnihlutahópum, þá aðallega þjóðernislegum minnihlutahópum (e. *ethnic minorities*), var mismunað á ýmsan hátt. Ráðgjafinn tilheyrði ríkjandi menningu á þessum tíma en ráðþeginn þá minnihlutahópnum (Jackson, 1995; Wrenn, 1962). Í dag leggur fjölmennningarleg ráðgjöf meira upp úr því að einstaklingurinn sé hluti af stærra samfélagi. Fólk er ekki aðeins skilgreint eftir uppruna og menningu heldur eru fleiri þættir sem koma til eins og kyn og kynhneigð sem geta veitt einstaklingum stöðu forréttinda- eða minnihlutahópa í samfélaginu (Ratts, Singh, Nassar-McMillan, Butler og McCullough, 2015).

Í fjölmennningarlegri ráðgjöf þurfa náms- og starfsráðgjafar að átta sig á hvernig eigi að vinna með fólki af ólíkri menningu en þeirra eigin og hvaða leið sé farin í að vinna markvisst með einstaklingum af ólíkum uppruna og menningu. Að verða fjölmennningarlegur ráðgjafi þýðir þó ekki aðeins að öðlast meiri þekkingu á menningu annarra einstaklinga, heldur frekar að skilja það flókna ferli að tilheyra tilteknu samfélagi með ákveðin gildi, viðhorf og reglur sem felur í sér að vera hluti af tilteknu menningarsamfélagi. Náms- og starfsráðgjafar sem sinna fjölmennningarlegri ráðgjöf eru meðvitaðir um að líta ekki á sína menningu sem eitthvað æðri en menningu ráðþega síns og vera opnir fyrir skoðunum, gildum, venjum og menningarlegum uppruna viðkomandi ráðþega (Puukari og Launikari, 2005). Ráðgjafar eiga eftir fremsta megni að reyna að troða ekki sínum skoðunum og gildum upp á ráðþega í viðtölum þeirra á milli (Sue og Sue, 2012).

Þótt náms- og starfsráðgjafar séu ekki alltaf af sama uppruna og ráðþegar þeirra eða hafi alist upp við svipaðar aðstæður geta þeir samt sem áður átt gott meðferðarsamband við þá. Lögð er áhersla á að náms- og starfsráðgjafar nýti sér það sem þeir hafa upplifað og lært af samskiptum sínum við aðra í gegnum lífið. Taki þeir tillit til þess að viðhorf einstaklinga geta

verið ólík eftir menningum ættu þeir að eiga auðveldara með að vinna með mismunandi menningarhópum. Einnig er lagt upp með að ráðgjafar hafi áhuga á að skilja margbreytileika skoðana ráðþega sinna og geti unnið með þær áfram. Ef til staðar er skilningur og tillitssemi hjá þeim sem eru að vinna með einstaklingum úr ólíkum menningarheimum getur vinnan orðið bæði auðveldari og skemmtilegri (Corey og Corey, 2011).

Fjölmennningarleg ráðgjöf felst því í stuttu máli í því að ráðgjafar skilji jafnt sem þekki og geti sett sig inn í margbreytilegan bakgrunn, veruleika og hugmyndaheim ráðþega sinna og viðurkenni að þeirra menning er ekki æðri en aðrar menningarheildir. En ekki er nóg að kunna skil á fjölmennningarlegri ráðgjöf ef ráðgjafinn hefur ekki tileinkað sér fjölmennningarlega hæfni sem er ferli stöðugar viðleitni til að nálgast ráðþega í menningarlegu samhengi hans.

1.3.3 Fjölmennningarleg hæfni

Með fjölmennningarlegri hæfni ráðgjafa er átt við að hann geti nálgast ráðgjöfina í samhengi við menningu ráðþegans (Sue, Arrendondo og McDavis, 1992; Sue og Sue, 2012). Aðeins þannig sé í raun unnt að tala um fjölmennningarlega náms- og starfsráðgjöf. Fjölmennningarleg hæfni er ferli sem lýkur aldrei ef ráðgjafinn stefnir að því að efla skilning sinn í samskiptum við ráðþega sína (Ahmed, Wilson, Henriksen og Jones, 2011; Hook, Davis, Owen, Worthington og Utsey, 2013).

Til að útskýra fjölmennningarlega hæfni ráðgjafa nánar hefur meðal annars verið notað ákveðið líkan þar sem hæfniviðmiðum um færni ráðgjafa er skipt í þrjá þætti: Viðhorf (e. *attitudes*) og hugmyndir (e. *beliefs*), þekkingu (e. *knowledge*) og leikni (e. *skills*). Í fyrsta þættinum viðhorf og hugmyndir er átt við að ráðgjafi átti sig á eigin menningu, viðhorfi, gildum og sýn á lífið. Hann sé einnig meðvitaður um sína eigin fordóma og skilja hvar takmörk hans liggja (Sue o.fl., 1982, Sue, Arrendondo og McDavis, 1992).

Í öðrum þættinum, þekkingu, er horft til þess að ráðgjafinn hafi góða yfirsýn og þekkingu á helstu stofnunum í samfélaginu, til dæmis skólastofnunum, til að geta áttað sig á þeim hindrunum sem einstaklingar af erlendum uppruna geta mætt í námi og starfi. Einnig að hann sé meðvitaður um ólík menningarleg gildi og lífsskoðanir fjölbreyttra menningarhópa. Eftir því sem ráðgjafinn hefur meiri þekkingu á þeim, getur það skilað sé í árangursríkari ráðgjöf (Sue o.fl., 1982, Sue, Arrendondo og McDavis, 1992).

Í þriðja þættinum leikni, er ráðgjafinn meðvitaður um takmarkanir sínar og er í stöðugri endurmenntun vegna vinnu sinnar með fólki af ólíkum uppruna. Hann snýr sér til sérfræðinga

innan sviðs fjölmennningarlegrar ráðgjafar til að fá aðstoð við að dýpka skilning sinn á því hvernig sé best að vinna með einstaklingum af erlendum uppruna. Einnig er lögð áhersla á að hann kunni að nota þau matstæki sem notuð eru í ráðgjöf út frá menningarlegum forsendum og að þau mæli það sem þau eiga að mæla (Sue o.fl., 1982; Sue, Arrendondo og McDavis, 1992).

Stefanía Ægisdóttir og Gerstein (2010) bættu fjórða þættinum við líkan Sue og samstarfsfélaga (1982, 1992) um fjölmennningarlega hæfni, það er áhugahvöt (e. *motivation*). Þar kemur fram að ekki sé nóg að hafa ákveðna þekkingu og skilning á því hvernig menning mótar einstaklinganna til að sinna ráðgjafarvinnu innan fjölmennningar. Ráðgjafinn þarf að hafa áhuga á fjölmenningu til að geta nýtt sér vitneskju um menningarlegan bakgrunn í vinnu með ráðþegum sínum. Ráðgjafar geta nýtt sér þetta líkan til að átta sig betur á fjölmennningarlegri hæfni sinni.

Til að auka áhuga nemenda í ráðgjafarnámi á fjölmennningarlegri ráðgjöf hafa Stefanía Ægisdóttir og Gerstein (2010) bent á nokkrar leiðir. Þær eru meðal annars að kennarar ráðgjafarnema hvetji nemendur sína til að vera meðvitaðir um hvað sé að gerast í ráðgjöf annars staðar í heiminum, fari á ráðstefnur erlendis og kynnist um leið öðrum erlendum ráðgjöfum eða verðandi ráðgjöfum. Slík tengslamyndun getur síðan nýst þeim seinna í starfinu.

Í rannsókn Sigrúnar Helgu Björgvinsdóttur (2015) kom fram að náms- og starfsráðgjafarnir sem tóku þátt í henni höfðu mikinn áhuga á að afla sér meiri þekkingar á fjölmennningarlegri ráðgjöf þar sem þeir töldu sig ekki hafa fengið nægilega mikla þjálfun í henni í náminu. En einnig kom fram að ráðgjafarnir töldu þrátt fyrir litla þjálfun að þeir hefðu sjálfir nokkuð góða fjölmennningarlega hæfni. Samkvæmt Ratts, Singh, Nassar-McMillan, Butler og McCullough (2015) verður fjölmennningarleg hæfni ráðgjafa að geta þróast samhliða breytingum í samfélaginu til að þeir geti tekist á við þarfir ólíkra menningarhópa innan þess. Hluti af því er að ráðgjafar geri sér grein fyrir því að ólíkum menningarhópum finnist þeir njóta jafnréttis í samfélaginu. Um leið er líklegra að einstaklingum innan hópanna líði betur, bæði líkamlega og andlega.

Í stuttu máli er hlutverk náms- og starfsráðgjafa innan grunnskólans að leitast við að aðstoða nemendur við að finna sína leið í náminu og líða vel í skólanum. Fram kom að nemendur af erlendum uppruna virtist líða verr í skólanum en öðrum, þau fundu sig einangruð

félagslega og einblínt var á veikleika þeirra í stað þess að draga fram styrkleikana. Leið náms- og starfsráðgjafa til að ná betur til þessa nemendahóps er að tileinka sér fjölmennningarlega ráðgjöf og þróa með sér fjölmennningarlega hæfni. Þá má gera ráð fyrir að þeir séu betur búnir undir að takast á við að efla félagslega virkni þessara ungmenna í grunnskólanum.

Fólki af erlendum uppruna hefur verið að fjölga mikið hér á landi síðustu ár og um leið hefur nemendum af erlendum uppruna fjölgað í grunnskólum. Þessi nemendahópur á oft erfitt félagslega innan skólans en hvorki samfélagið né skólakerfið virðist vera nægilega meðvitað um hvernig sé best að taka á móti þeim og stuðla að farsælli grunnskólagöngu þeirra. Náms- og starfsráðgjafar sem starfa í grunnskólum koma að vinnu með þessum nemendahópi meðal annars við að aðstoða þau í samskiptum við jafnaldra sína eða til að auðvelda þeim námið. Fjölmennningarleg ráðgjöf sem byggist á fjölmennningarlegri hæfni er leið sem náms- og starfsráðgjafar geta tileinkað sér til að ná betur til þessa nemendahóps

Vegna þess sem ofan er sagt vildi ég rannsaka hvaða félagslega veruleika nemenda af erlendum uppruna á unglíngastigi mæta í grunnskólanum séð frá sjónarhóli náms- og starfsráðgjafa í skólunum, ásamt því að skoða viðleitni þeirra til að efla félagslega virkni þessa nemendahóps, en lítið virðist liggja fyrir af upplýsingum um hvernig þeir vinna með þeim.

1.4 Rannsóknarspurningar

Markmiðið með þessari rannsókn var að kanna þann félagslega veruleika sem mætir ungmönnum af erlendum uppruna í grunnskóla frá sjónarhóli náms- og starfsráðgjafa, ásamt því að gera grein fyrir viðleitni náms- og starfsráðgjafa til að efla félagslega virkni þeirra. Eins og fram hefur komið hefur nemendum af erlendum uppruna fjölgað mikið hér á landi og er því mikilvægt að náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum geri sér grein fyrir því hvernig best sé að vinna með þessum nemendahópi. Eftirfarandi rannsóknarspurningar eru settar fram til að ná fram markmiði rannsóknarinnar:

1. Hvernig birtist félagslegur veruleiki nemenda af erlendum uppruna á unglíngastigi grunnskóla, samkvæmt hugmyndum og reynslu sex náms- og starfsráðgjafa?
2. Hvaða viðleitni hafa náms- og starfsráðgjafarnir sýnt til að efla félagslega virkni nemenda á unglíngastigi af erlendum uppruna?

2 Aðferð

Í þessari rannsókn var beitt eigindlegri rannsóknaraðferð (e. *qualitative research method*) Í víðasta skilningi eru eigindlegar rannsóknir nálgun sem gefur rannsóknaraðilum tækifæri til að rannsaka nákvæmlega atburði, reynslu, viðhorf og upplifanir fólks. Þær byggjast aðallega á viðtölum og vettvangsathugunum (Hennink, Hutter og Bailey, 2011). Í eigindlegum rannsóknaraðferðum er hugmyndafræðin sú að með samskiptum milli einstaklinga, sé verið að skapa og endurskapa merkingabæran veruleika (Bogdan og Biklen, 2007).

Eigindlegar rannsóknaraðferðir byggjast meðal annars á heimsspekistefnu fyrirbærafræðinnar (e. *phenomenology*). Hugmyndafræði fyrirbærafræðinnar byggist á þeirri viðleitni að skilja fólk með því að kynnast reynslu þess og koma auga á þemu til að lýsa fyrirbærum eða reynslu. Áhersla er lögð á lífsreynslu einstaklinga sem rannsakandi skoðar með opnum huga og leitast við að leggja til hliðar fyrirframgerðar hugmyndir (Taylor og Bogdan, 1998; Kvale og Brinkmann, 2009).

Til þess að fá sem besta innsýn inn í vinnu náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum með nemendum af erlendum uppruna var stuðst við opin hálfstöðluð einstaklingsviðtöl (e. *open semi-standardized interviews*) (Braun og Clarke, 2013). Markmiðið með hálfstöðluðum viðtölum er að nálgast efnið opið og viðmælendur geti sagt frá upplifun sinni, reynslu og viðhorfum á sínum eigin forsendum. Viðtölin voru undirbúin með gerð viðtalsramma, (Esterberg, 2002; Kvale og Brinkmann, 2009).

2.1 Þátttakendur

Þátttakendur voru valdir með markvissu úrtaki (e. *purposive sampling*). Náms- og starfsráðgjafarnir þurftu allir að vera starfandi í grunnskóla með unglíngadeild og hafa unnið með börnum og unglíngum af erlendum uppruna. Markvisst úrtak byggist á því að búið er að setja viðmið um val á þátttakendum sem þjónar markmiði rannsóknarinnar (Hennink, Hutter og Bailey, 2011).

Til að finna viðkomandi náms- og starfsráðgjafa leitaði rannsakandi eftir netföngum náms- og starfsráðgjafanna á heimasíðum sex ólíkra grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Rannsakandi hafði samband með tölvupósti við sex náms- og starfsráðgjafa, í jafnmörgum grunnskólum og óskað eftir viðtali við þá sem þeir samþykktu. Til að halda trúnað við viðmælendur og koma í veg fyrir að hægt væri að rekja upplýsingar til þeirra voru þeim gefin eftirfarandi gervinöfn

Hanna Jónsdóttir, Jóna Friðriksdóttir, Linda Rúnarsdóttir, Sara Gunnarsdóttir, Anna Þorsteinsdóttir og María Snorraddóttir. Þetta voru konur á aldrinum 30-60 ára og höfðu unnið á bilinu 1 til 15 ár sem náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla.

2.2 Framkvæmd

Gagnaöflun fór fram á tímabilinu október til nóvember 2016. Viðtölin við náms- og starfsráðgjafana voru tekin á skrifstofum þeirra í grunnskólunum og voru á bilinu 30 til 70 mínútur á lengd. Þau voru öll hljóðrituð með stafrænu upptökutæki og síðan afrituð orðrétt ásamt athugasemdum og hugleiðingum rannsakanda.

2.3 Úrvinnsla og greining gagna

Við greiningu á gögnunum var stuðst við nálgun grundaðrar kenningar (e. *grounded theory*), en gagnasöfnun og greining byggist þá á kerfisbundnu en sveigjanlegu ferli þar sem rannsakandi hefur tök á að móta og þróa rannsóknarspurningar og viðtalsramma samhliða greiningu. Eitt af því sem einkennir grundaða kenningu er að rannsakandi getur lagfært og þróað viðtalsrammann (Fylgiskjal II) á meðan gagnaöflun stendur yfir (Charmaz, 2006). Viðtalsramminn í þessari rannsókn tók smá breytingum á milli fyrsta og annars viðtals sem fólst aðallega í umorðun og jafnvel sameiningu á spurningunum. Það skilaði betri svörun á þeim atriðum sem skiptu rannsakanda máli í þessari rannsókn. Einnig voru nokkrar spurningar gerðar aðeins ítarlegri til að fá meira fram um efnið og um leið að dýpka sýnina á viðfangsefnið.

Gögnin voru kóðuð og greind í tveimur stigum og var horft gagnrýnið á það sem kom fram í gögnunum. Stigin tvö sem stuðst var við eru opin kóðun (e. *initial coding*) en þá eru gögnin lesin línu fyrir línu og orð fyrir orð og leitað eftir kóðunarflokkum og þemum. Í kjölfarið fór fram markviss kóðun (e. *focused coding*) sem felur í sér að gögnin voru lesin út frá einu þema í einu. Þá er farið í gegnum gögnin, málsgrein fyrir málsgrein, sem miðaði að því að greina aðalatriðin úr opnu kóðuninni. Leitast var við að finna atriði sem tengjast viðkomandi þema, sem voru síðan greind niður í meginþemu og undirþemu (Esterberg, 2002; Charmaz, 2006). Að lokum voru gerð greiningarblöð fyrir hvert viðtal þar sem eitt þema var tekið út og gerð grein fyrir því á ítarlegan hátt. Gögnin voru jafnfram greind með hliðsjón af áherslum fjölmenningsrhyggju eftir því sem við átti og annarri fræðilegri umfjöllun.

2.4 Siðferðileg sjónarmið

Þegar eigindleg rannsókn er framkvæmd er mikilvægt að fylgt sé siðferðislegum reglum varðandi þátttakendur. Rannsakandi þarf jafnframt að vera opinn fyrir reynslu og upplifun þátttakenda og jafnframt að vera meðvitaður um sínar eigin hugmyndir og reynslu (Taylor og Bogdan, 1998; Hennink, Hutter og Bailey, 2011). Þá er mikilvægt að gæta fyllsta trúnaðar varðandi þær upplýsingar sem koma fram og gæta þess að ekki sé möguleiki á því að rekja svör þátttakenda. Í þessari rannsókn var þátttakendum gefin gervinöfn við úrvinnslu, eins og fram hefur komið, og öll gögn geymd á öruggum stað á meðan á rannsókninni stendur en eytt að henni lokinni. Í upphafi hvers viðtals og í tölvupóstinum sem þeim var sendur lét ég viðmælendur mína vita að þeir gætu hætt þátttöku á hvaða stigi sem væri í rannsókninni og jafnframt skrifuðu þeir undir upplýst samþykki (Fylgiskjal I) þar sem ofangreind atriði voru tilgreind (Kvale og Brinkman, 2009). Áður en gagnaöflun hófst tilkynnti ég rannsókn mína til Persónuverndar eins og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (nr. 77/2000) segja til um.

Lögð er áhersla á fjóra meginreglur í siðfræði rannsókna, sérstaklega gagnvart þátttakendum í rannsókninni. Þær eru sjálfræðisreglan, skaðleysisreglan, velgjörðarreglan og réttlætisreglan. Í sjálfræðisreglunni sem á kannski einna best við þessa rannsókn kemur meðal annars fram að rannsakandi eigi að bera virðingu fyrir þátttakendum og sjálfræði þeirra. Þátttakendur eiga að fá upplýst hvað sé ætlast til af þeim og þeir taki þátt í þessari rannsókn á sínum forsendum og geti hætt þátttöku hvenær sem er í rannsókninni (Sigurður Kristinsson, 2013).

Ásamt því að gefa þátttökuaðilum kost á að skrifa undir trúnaðar- og samþykkisyfirlýsingu áður en viðtöl hófust minnti ég enn og aftur á, rétt áður en viðtalið hófst, að viðkomandi gæti hætt hvenær sem er í rannsókninni. Jafnframt var viðmælendum bent á að það væru engin rétt eða röng svör, aðeins væri um upplifun viðkomandi að ræða. Allt þetta tel ég að hafi stuðlað að því trausti sem mér fannst viðmælendur mínir bera til mín og hversu opnir þeir voru í samtölum mínum við þá.

3 Niðurstöður

Markmið rannsóknarinnar var að kanna félagslegan veruleika sem mætir ungmennum af erlendum uppruna í grunnskóla, ásamt því að gera grein fyrir viðleitni náms- og starfsráðgjafa til að efla félagslega virkni þeirra. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar en þær byggjast á viðtölum við sex náms- og starfsráðgjafa, í jafnmörgum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Í viðtölunum var annars vegar könnuð upplifun og reynsla viðmælenda af félagslegum veruleika ungmenna af erlendum uppruna í viðkomandi skólum og hins vegar viðleitni þeirra til að efla félagslega virkni þessa nemendahóps.

3.1 Félagslegur veruleiki nemenda af erlendum uppruna

Þegar náms- og starfsráðgjafarnir voru spurðir um upplifun þeirra af félagslegum veruleika ungmenna af erlendum uppruna var viðmælendum einkum umhugað um ýmiss konar hindranir sem hafa áhrif á samskipti og félagslega þátttöku ungmennanna, til dæmis tungumálaörðugleika þeirra í félagslegum samskiptum, menningarmun í samskiptum við samnemendur og varðandi félagslíf þeirra, menningarmun vegna ábyrgðar þeirra innan fjölskyldunnar og loks menningarmun og tungumálaörðugleika í samskiptum nemenda og foreldra við náms- og starfsráðgjafa. Hindranir sem þessi hópur nemenda mætti hugsanlega vegna viðhorfa eða samskiptamáta samnemendanna bar ekki á góma. Fjallað verður nánar um þessa þætti í kaflanum en fyrst verður litið til móttöku nemenda af erlendum uppruna sem koma sem nýir nemendur inn í skólann.

Móttaka nemenda – fyrstu félagslegu samskiptin við skólann

Viðmælendur lýstu því hvernig tekið er á móti þessum sístækkandi og fjölbreytta nemendahópi til að auðvelda aðlögun þeirra og samsömun við aðra nemendur. Það virtist vera unnið í anda stefnu viðkomandi sveitarfélags um fjölmenningslegt skólastarf. Þær nefndu allar að þær væru meðvitaðar um þennan fjölbreytta nemendahóp sem hefði ólíkar þarfir í skólanum og sögðust leggja sig fram um að taka vel á móti þeim. Í skólunum hjá Hönnu og Maríu lágu fyrir sérstakar móttökuáætlanir fyrir nemendur af erlendum uppruna en í skólum hinna viðmælendanna voru móttökuáætlanirnar sérsniðnari að nemendunum hverju sinni.

Allir náms- og starfsráðgjafarnir voru sammála um að það væri töluvert umfangsmikið ferli að taka á móti nemendum af erlendum uppruna. María lýsti fundi með nýjum nemendum og foreldrum á þann hátt að þeir fái, auk kynningar á íslenskukennslu og fleirum atriðum,

kynningu á hlutverki náms- og starfsráðgjafans og að hann sé til staðar ef þeir þurfa á aðstoð að halda. Síðan bætti hún við: „Svo gefum við upplýsingar um hvert sé hægt að leita. Ef þér líður illa, þá komdu. Ef það er eitthvað með námið, komdu.“ Allir náms- og starfsráðgjafarnir tóku í sama streng og María og sögðu að þær legðu áherslu á að láta nemendur og foreldra vita að þær væru til staðar fyrir þau og þær gerðu sér grein fyrir því að yfirleitt væri aðal áherslan ekki á námslega þáttinn á meðan nemendur væru að ná tökum á nýju tungumáli í nýju landi. María bætti við: „Þegar þau koma þá er spurt að ýmsu. Allt frá heilsufarsupplýsingum upp í almenna skólagöngu, mataræði ... trúarbrögð. Við förum í gegnum allt það. Okkar vinnuferli er þannig að við hóum í þau reglulega til að sjá stöðuna.“

Móttaka og vinna með börnum og unglingum sem hafa stöðu hælisleitenda voru þeim náms- og starfsráðgjöfum, sem höfðu unnið með þessum hópi í sínum skólum, mikið áhyggjuefni eins og Jóna, Anna og María komu sérstaklega inn á í viðtölunum. Þær töldu skólakerfið að ýmsu leyti ekki búið undir að taka við þeim og nefndu sérstaklega að þeim fyndist vanta meira fjármagn til að ráða starfsfólk og stofna sértæk úrræði til að unnt væri að sinna þessum einstaklingum betur. Anna kom inn á það að mikil vinna lægi að baki því að sinna þessum nemendahópi eins vel og starfsfólk skólans vildi og legði sig fram um að gera. Þau þyrftu á mikilli sálfræðilegri aðstoð að halda vegna áfallastreituröskunar og það væri ekki hægt að ætlast til þess að þessir einstaklingar gætu byrjað að læra ef til vill nýbúnir að upplifa einhverjar hörmungar eins og Anna útskýrði:

Þegar þau koma svona hálf fullorðin og með einhverja hræðilega lífsreynslu sem maður bara áttar sig ekki á. Maður getur spurt sig eru þessi börn tilbúin til að fara að læra. eru þau tilbúin til að fara að læra nýja bókstafi eða hvar eru þau eiginlega stödd í sálinni. Við eigum enga möguleika á að komast að því. Þau eru kannski ekki einu sinni tilbúin til að hleypa neinum að sér. Mér finnst skipta bara miklu máli að skapa þeim öryggi, ró, ramma. Þannig að þau nái einhvern veginn að líða vel. Þegar þau eru komin yfir einhvern svona hjalla þá trúi ég að þau séu betur fær um að fara að læra einhverja íslensku.

Orð Önnu endurspegluðu kannski enn frekar hvað þessi nemendahópur er viðkvæmur og hversu mikilvægt það er að standa rétt að málum þegar unnið er með hann. Hún nefndi einnig að þessi hópur, ofan á allt annað, væri í þeirri stöðu að eiga stöðugt á hættu að vera vísað úr landi ef þeim væri ekki veitt hæli. Það er því erfitt fyrir þessi börn og ungmenni að vita ekki hvort þau fá að vera eða ekki og í rauninni er ekki hægt að ætlast til þess að þau fari að leggja

á sig að læra íslensku og aðlagast samfélaginu ef þeim verður síðan vísað úr landinu eftir einhvern tíma.

Þegar dregnar eru saman helstu niðurstöður um móttöku ungmenna af erlendum uppruna í grunnskólum kom fram að viðkomandi náms- og starfsráðgjafar eru með einhvers konar móttökuáætlun fyrir þennan nemendahóp, eins og þeim ber samkvæmt lögum. Hún fól meðal annars í sér kynningarviðtal ákveðinna lykilstarfsmanna skólans við nemendur og foreldra þeirra. Viðmælendur sem unnu með nemendum sem höfðu stöðu hælisleitenda fannst hins vegar ýmsu ábótavant í móttöku og umgjörð þessa nemendahóps almennt í skólakerfinu. Ekki kom fram að í móttökuáætlunum væri talað um að hjálpa nemendum sem fyrir voru við að aðlagast nýjum nemendum.

Tungumálaörðugleikar í félagslegum samskiptum

Allir náms- og starfsráðgjafarnir töluðu um að tungumálaörðugleikar, bæði í námi og í félagslegum samskiptum, virtust vera áberandi hindrun fyrir nemendur af erlendum uppruna í grunnskólum og sérstaklega í unglingadeildinni. Tungumálaerfiðleikar valda þeim oft erfiðleikum við að aðlagast skólum og að njóta sín þar sem einstaklingar. Íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi er til dæmis einn af þremur áhersluþáttum í stefnu Reykjavíkurborgar um fjölmenningslegt skólastarf.

Í viðtölunum kom fram að nemendur af erlendum uppruna í grunnskólum virtust síður skila sér til náms- og starfsráðgjafa en íslenskir samnemendur þeirra og virtust þær telja megin orsökina vera tungumálaerfiðleika. Þær voru flestar sammála um að það þyrfti að sækja þessa nemendur og kannski sérstaklega þá sem voru nýkomnir til landsins og væru óöruggir í tungumálinu. Eins og Jóna sagði: „Þau einhvern veginn skila sér ekki til manns... og ég held að það sé bara út af tungumálaerfiðleikum og svo framvegis.“ Yfirleitt eru þetta nemendur sem hafa byrjað í unglingadeild grunnskólanna. Þeir hafa jafnmikla þörf fyrir að fá leiðbeiningar frá þeim eins og íslenskir nemendur eins og Hanna kom inn á: „Já, þarfirnar eru kannski ekki allt aðrar, þetta eru alltaf þær sömu. En þau eiga kannski erfiðara með að opna sig um það.“ Flestir viðmælendurnir töluðu um það að þau eigi erfiðara með að tjá sig um þarfir sínar og líðan ef þau eru ekki örugg í tungumálinu. Linda lýsti þessu nánar á eftirfarandi hátt:

Þá hafa þau eiginlega engin tæki eða tækifæri til að ræða eitthvað annað en bara benda á stundatöfluna og segja: Á ég ekki örugglega að vera hér? Það er einhvern veginn það eina sem að þau eru að fara fram á. Að fá innsýn inn í hvernig þeim

líður og svona það er lítið ... þau eru voðalega hljóðlát og til baka þegar þau hafa ekkert tungumál.

Linda kom inn á það sem þær eru allar að glíma við í samskiptum sínum við þennan nemendahóp. Vegna tungumálaörðugleika hafa ungmennin ekki nægilega greiða leið að þeim til að afla sér upplýsinga eða fá aðstoð við eitthvað sem þeim liggur á hjarta.

Allir viðmælendurnir voru sammála um að þegar þær ræða við nemendurna sé gagnlegt að notast við spjalddölvur til að þau geti talað saman. Þá geta nemendurnir talað við þær með því að nýta sér síður á netinu sem bjóða upp á að þýða á milli tungumála (Google translate). Nemendurnir notuðu einnig spjalddölvurnar í kennslustundum og voru með þær allan daginn í skólanum til að geta átt í einhverjum samskiptum við starfsfólk og nemendur með þessum hætti.

Flestir náms- og starfsráðgjafarnir nefndu í viðtölunum að mikill mannauður væri í starfsfólkinu sem er af erlendum uppruna og vinnur í grunnskólanum og getur í mörgum tilfellum túlkað fyrir nemendur. Þær sögðust oft vera svo heppnar að hafa starfsfólk af sama þjóðerni og þessi ungmenni sem koma inn í skólann og geta hvorki talað íslensku né ensku. María taldi að það væri mjög mikilvægt að geta náð tengslum við nemendurna og átt samskipti til að greiða fyrir ánægjulegri dvöl í skólanum og samfélaginu í heild sinni. Hún orðaði samskipti sín við stúlku sem var nýbyrjuð í skólanum þannig: „Þá verð ég að fá frá henni svo ég geti fengið fram hvernig henni líður og annað. Að þau skilji líka í hvaða aðstæðum þau eru. Þannig að það er bara svo ótrúlega mikilvægt að það séu túlkar.“

María nefndi að þegar erfitt væri að finna túlka fyrir nemendurna þá væri leitað allra leiða meðal starfsfólksins og jafnvel haft samband við til dæmis leikskóla í hverfinu til að athuga hvort þar væri starfsmaður sem talaði sama tungumál og viðkomandi nemandi. Allt starfsfólk skólans reyndi að hjálpast að við finna leiðir til að aðstoða þessi ungmenni til að verða hluti af skólasamfélaginu.

Allir viðmælendur komu inn á það að nemendur sem hefja nám í unglingsáætlun ættu oftari erfiðara með að ná tengslum við íslenska samnemendur sína vegna tungumálsins heldur en nemendur sem eru á yngsta stiginu og geta náð sambandi í gegnum leik eins og María sagði:

Mér finnst samt erfiðast að fá nemendur inn í efstu bekkina sem eru alveg mállaus. Það er miklu erfiðara en að fá þau yngri. Hjá yngri er miklu meiri leikur og þau eru fljótari að aðlagast. Ég hef ekki áhyggjur að þau fari alveg mállaus út úr grunnskólanum.

Yngri börnin leika sér meira saman en nemendur á unglingastigi og samskiptin voru oft óþvingaðri í gegnum leikinn heldur en meðal ungmenna sem voru kannski varkárari í samskiptum við nýja nemendur. Eins og kom fram í orðum Maríu „... ef þau tala hvorki íslensku eða ensku, þá er það einhvern veginn þannig að krakkarnir sem tala íslensku gefast bara upp.“ Ef ungmennin geta hvorki tjáð sig á íslensku eða ensku er erfitt fyrir þessa nemendur að vera í samskiptum og þeir geta einangrast. Jóna og Linda höfðu sjálfar verið nemendur í grunnskóla erlendis og þekktu þessa tilfinningu að kunna ekki tungumálið og endurspegladist það vel í orðum Lindu:

Það vantar bara persónuleika manns, það vantar húmorinn manns, þú veist... maður beinþýðir ekki allt sem að maður segir og þegar maður hefur ekki íslensku og ekki ensku, þessi tungumál sem krakkarnir tala hér ... þá getur það bara verið mjög flókið og bara maður virkar frekar flatur ... og til baka og feimin og kannski eru þau það ekkert ... en þau virka þannig.

Orð Lindu geta gefið ákveðna vísbendingu um hvernig nemendum getur liðið í nýju umhverfi, þar sem margt getur verið framandi og hversu erfitt það getur verið að geta ekki tjá sig um líðan sína, rætt við vini um lífið og tilveruna og í raun verið þú sjálfur.

Helstu niðurstöður varðandi tungumálaörðugleika nemenda af erlendum uppruna voru að þessi hindrun bitnaði bæði á samskiptum þeirra við starfsmenn skólanna, þar með talda náms- og starfsráðgjafa, og við samnemendur. Þessi nemendahópur virtist síður leita til náms- og starfsráðgjafa vegna óöryggis í tungumálinu. Reynt var að bæta samskiptin með því að nýta spjaldtölvur og einnig gat starfsfólk skólanna sem voru af erlendum uppruna oft verið miklar hjálparhellur við að aðstoða þennan nemendahóp í samskiptum við aðra. Samkvæmt náms- og starfsráðgjöfunum var talsvert flóknara fyrir ungmenni í unglingadeild að ná tengslum við íslenska samnemendur sína heldur en yngri nemendur ef þau tala ekki tungumálið.

Í viðtölunum voru nefndir margs konar þættir varðandi félagslegan veruleika nemenda af erlendum uppruna sem rekja má til menningarmunar. Þessir þættir komu ráðgjöfunum á óvart í samskiptum þeirra við þá og foreldra þeirra. Þar má nefna menningarmun í samskiptum við samnemendur og þátttöku í félagslífi, í uppeldi og ábyrgð innan fjölskyldunnar og í samskiptum nemendanna og foreldra þeirra við náms- og starfsráðgjafana. Fyrst verður litið til menningarmunar í samskiptum við samnemendur og þátttöku í félagslífi.

Menningarmunur í samskiptum við samnemendur og í félagslífi

Í umfjöllun um samskipti nemenda af erlendum uppruna við samnemendur nefndu viðmælendur meðal annars að þá skorti alls konar vitneskja sem íslenskir samnemendur þeirra búa yfir gagnvart þáttum sem Íslendingar taka sem gefnum, til dæmis í umhverfinu, um möguleika í félags- og íþróttalífi og náminu. Jafnframt kom fram að foreldrarnir virtust hræddir við að sleppa börnunum sínum í eitthvert starf eða félagslíf eftir skóla eða skólaferðir. Í tengslum við það getur menningarmunur bæði hvað varðar nemendurna og foreldra þeirra átt hlut að máli.

Þessi nemendahópur virtist oft lítið vita um nánasta umhverfi sitt. Þó að í skólunum, sem viðmælendur störfuðu í, væri talsvert ólíkur fjöldi ungmenna af erlendum uppruna virtist það ekki skipta máli í þessu sambandi. Anna, Linda og María nefndu það sérstaklega að þeim fyndist oft eins og þessi nemendahópur átti sig til dæmis ekki á hvar íþróttafélagið og félagsmiðstöðvarnar eru í hverfinu. Sama átti við um vitneskju þeirra um möguleika sína bæði gagnvart námi og félags- og íþróttastarfi. Anna og María komu inn á það að þeim fyndist þessir nemendur óöruggari með sig en samnemendur þeirra varðandi það hvaða möguleika þeir hafa almennt með að nýta sér ýmislegt sem er í boði, eins og María sagði:

Mér finnst munurinn vera þannig að ... börn af erlendum uppruna, þau hafa ekki eins mikla vitneskju og íslensk börn. Til dæmis um hvað mun bíða þeirra eftir tíunda bekk. Mér finnst þau ekki hafa vitneskjuna líka eins og með íþróttir, tómstundir. Að það eru frístundastyrkir í boði, hvaða framhaldsskóla á að velja. Að finna hvar áhugi þeirra liggur.

Anna og María töluðu um að sjóndeildarhringur umræddra nemenda væri talsvert þrengri en íslenskra samnemenda þeirra. Á meðan íslenskir nemendur gátu leitað til foreldra sinna um ýmislegt sem tengist skólastarfinu og möguleikum þeirra þá fær þessi nemendahópur oft ekki þann stuðning frá sínum foreldrum. Foreldrar nemenda af erlendum uppruna voru oft ekki nægilega meðvitaðir um hvað væri í boði fyrir börnin og þeir voru stundum óviljugir til að sleppa hendinni af þeim ef eitthvað átti að gera eftir að skólatíma lauk.

Í viðtölum við náms- og starfsráðgjafana kom fram hjá nokkrum þeirra að það virtist eins og foreldrarnir væru hræddir við að leyfa börnunum sínum að gera eða fara eitthvað annað en heim eftir skólatíma. Í skólanum hjá Jónu kom upp að mæður nokkurra stelpna komu og báðu hana um aðstoð við að ræða við foreldra stúlku sem þær vissu um í gegnum dætur sínar að væri svolítið einmana. Jóna lýsti samtalinu við eina þeirra á þessa leið:

Ein stúlkan var svolítið útundan í bekknum og ein mamman sagði við mig. Við erum búnar að reyna ... Við erum hérna þrjár mömmur búnar að reyna að hringja í foreldrana, búnar að bjóða henni heim en þau vilja ekki að hún komi heim til okkar eftir skóla.

Jóna taldi vandamálið vera menningarárekstra og að foreldrunum fyndist oft að barnið ætti að koma heim eftir skóla og vera með fjölskyldunni sinni en ekki að vera að fara eitthvert annað. María sagðist einnig hafa orðið vör við það að þegar krakkarnir eru byrjaðir í unglingadeild og íslensku krakkarnir fara í félagsmiðstöðina á kvöldin þá fá þau ekki leyfi frá foreldrum sínum til að fara þangað. María útskýrði það þannig að:

Mjög margir segja að mamma og pabbi leyfa mér ekki að fara út. Þú veist það er komið myrkur og ég er ekki að fara. Ég hef meira að segja boðist til að ræða við foreldra fyrir börnin. Það er einhver ... ég veit ekki nákvæmlega ... einhver hræðsla við það. Foreldrarnir vilja ekki sleppa af þeim hendinni á kvöldin. Að þau séu að fara ein. Svo eru þetta kannski allt aðrar aðstæður þaðan sem þau eru að koma. Þar eru kannski börn ekki að fara ein út á kvöldin.

Foreldrarnir voru óöruggir með að börnin þeirra séu að fara út á kvöldin og þekkja það kannski ekki úr sinni menningu. Anna kom inn á það að foreldrar hjá henni vildu ekki heldur að börnin fari í ferðalög á vegum skólans. Í þeim ferðum gisti nemendahópurinn oft saman einhvers staðar úti á landi og meira var þá lagt upp úr félagslegum tengslum í slíkum ferðum. Anna taldi það einmitt vera góða leið til að koma á tengslum milli erlendu nemendanna og þeirra íslensku eða eins og hún sagði:

Það virðist bara vera þetta skref, þetta ósýnilega skref að eignast einhvern vin. Ef þú ert að fara í ferðalög saman og upplifa eitthvað og gera eitthvað saman þá gerist það. Það gerist ekkert endilega svo mikið inn í einhverri kennslustund.

Til að ýta undir það að þessi ungmenni af erlendum uppruna gætu farið með í slík ferðalög sagðist Anna oft hringja heim til þeirra og útskýra fyrir foreldrunum hversu mikilvægt og gott það væri fyrir þau að fara, til dæmis til að mynda venskap. Hún sagði að foreldrarnir væru oft hræddir um börn sín og áttuðu sig ekki á tilgangi slíkra ferðalaga. Hanna hafði svipaða sögu að segja úr sínum skóla og kom inn á það í viðtalinu að þessi nemendahópur væri duglegur að mæta í skólann en tæki ekki mikinn þátt í einhverri starfsemi eftir skólann, eins og hún útskýrði: „Þau standa sig flest bara fínt hérna innan veggja skólans en eru aðallega ekki að sækja neitt eftir skóla eða ... ekki neitt sem er svona félagslegt, ferðir og svona.“ Hönnu fannst eins og það vantaði meira upp á félagslega þáttinn hjá þeim og þau kæmu ekki eins oft og samnemendur þeirra í ferðalög á vegum skólans og mæti síður í félagsmiðstöðina eftir skóla.

Þó að í skólunum sem viðmælendurnir störfuðu við væri talsvert ólíkur fjöldi ungmenna af erlendum uppruna virtist það ekki skipta máli varðandi þátttöku þeirra í einhverju félagslegu starfi eftir skóla. Þessi nemendahópur virðist taka minni þátt í félagsstarfi eftir skóla en íslenskir samnemendur þeirra.

Þegar dregnar eru saman helstu niðurstöður um menningarmun í samskiptum við samnemendur og varðandi félagslíf nemenda af erlendum uppruna var tvennt sem vakti sérstaka athygli: Þessi nemendahópur virtist vera illa upplýstur um ýmislegt í nærumhverfinu, til dæmis um staðsetningu og möguleika á félags- og íþróttastarfi, sem líta verði á sem talsverða hindrun fyrir þennan nemendahóp. Einnig virtust foreldrar þeirra vera óviljugri en aðrir foreldrar að leyfa börnum sínum að nýta sér ýmiss konar skemmtanir eftir skóla og fara í skólaferðir sem gat komið í veg fyrir að þau kynntust samnemendum sínum náið. Viðmælendurnir vildu að einhverju marki rekja þessa þætti til menningarmunar í uppeldi nemendanna og uppeldislegum viðhorfum foreldranna. Þessi þáttur verður skoðaður betur í næsta kafla.

Menningarmunur í uppeldi og ábyrgð innan fjölskyldu

Viðmælendurnir höfðu rekið sig á að siðir innan fjölskyldunnar og þar með uppeldisaðferðir voru talsvert ólíkar eftir menningum og töldu það geta haft áhrif á félagslegan veruleika ungmenna af erlendum uppruna. Þetta átti ekki hvað síst við um aga og ábyrgð ungmennanna heima fyrir og á sjálfum sér.

Þær komu inn á það að mikilvægt væri að foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna væru upplýstir um uppeldislega þætti sem ekki tíðkast í íslensku samfélagi. Það væri gert til að koma í veg fyrir misskilning sem gæti haft neikvæðar afleiðingar í för með sér bæði fyrir börnin og foreldrana. Anna og María sögðust í viðtölunum til dæmis nefna að í sumum menningarsamfélögum sé viðurkennt að aga börn með því að slá þau en það sé ekki viðurkennt í íslensku samfélagi. María lýsti þessu sem óþægilegri umræðu en nauðsynlegri til að útskýra fyrir foreldrunum hvernig íslenskt samfélag lítur á slík mál:

Við erum með bækling um það að við erum ekki að slá börnin okkar. Við erum ekki að ... beita ofbeldi í agamálum. Þetta er svona sem við öll förum eftir en þetta er bara ekki alls staðar. Þetta finnst mér oft erfitt að útskýra að við erum ekki að slá börnin okkar. Þú kemur ekki svona fram og hér er fylgst með. Að hérna það sé ... svolítið erfiðir punktar sem manni ... finnst vera eðlilegur hlutur en er ekki alls staðar.

Viðmælendum fannst mikilvægt að grunnskólinn miðlaði þessum upplýsingum til foreldra til að reyna að koma í veg fyrir að slíkt gerist. Anna nefndi að slíkt atvik hefði komið upp, þar sem foreldri hefði agað barnið sitt líkamlega. Foreldrið gerði sér ekki grein fyrir alvarleika málsins fyrr en það var kallað á fund hjá skólanum og „... þá auðvitað bara brotnar foreldrið niður og segir bara þetta er bara allt öðruvísi þar sem ég er alin upp.“ Menningin er oft og tíðum mjög ólík milli landa og jafnvel enn meiri á milli heimsálfa.

Í viðtölunum kom fram hjá flestum náms- og starfsráðgjöfunum að þessi nemendahópur beri oft meiri ábyrgð á sjálfum sér og jafnvel á yngri systkinum heldur en íslenskir jafnaldrar þeirra. Hanna sagði að oft hjálpist fjölskyldan að, til dæmis við að axla ábyrgð, sem íslenskir jafnaldrar myndu ekki sinna undir venjulegum kringumstæðum, eins og kom fram í orðum hennar um nemanda af erlendum uppruna:

Hún er sem sagt bara hluti af fullorðna fólkinu heima hjá sér. Hún á að sjá um yngri systkini sín og hún er að taka sér kannski frí í skólanum af því að það er veikt barn heima eða eitthvað í þeim dúr ... þetta er einhvern veginn allt aðrar aðstæður heldur en íslensku krakkarnir sem eru bara börn...

Í orðum Hönnu mátti greina þá ábyrgð sem þessi nemendahópur getur þurft að takast á við. Þar sem gerðar voru mun meiri kröfur til þeirra heima fyrir, gagnvart heimilinu, heldur en meðal íslenskra samnemenda þeirra. Þau eru því oft einangraðri og eru meira heima hjá sér og verða þar með einangraðri en íslenskir samnemendur þeirra.

Þessir nemendur gerðu kröfur til sjálfs sín og það kom fram hjá flestum náms- og starfsráðgjöfunum að þetta væru yfirleitt duglegir og kurteisir einstaklingar sem bera virðingu fyrir kennurunum og þeir vildu standa sig vel. Jóna nefndi að nemendur frá Asíu væru mjög kurteisir og beri virðingu fyrir eldra fólki og þau séu samviskusöm gagnvart skólanum. „Þau eru meira með svona öguð vinnubrögð ... það er örugglega bara þeirra menning og foreldrarnir ... Mér finnst krakkar, sérstaklega frá Asíu, þau eru ofboðslega öguð og kurteis.“ Náms- og starfsráðgjafarnir voru sammála um að þessir nemendur væru duglegir að mæta í skólann og hefðu áhuga á náminu. Maríu fannst hún einnig læra mikið af því að umgangast nemendur af erlendum uppruna. „Maður verður miklu víðsýnni að umgangast alla þessa nemendur, finnst mér.“ Jónu fannst þessi nemendahópur ótrúlega duglegur og það mætti til dæmis alveg hrósa þeim fyrir að geta talað mörg tungumál sem væri ákveðinn menningarauður fyrir samfélagið.

Helstu niðurstöður um menningarmun í uppeldi og ábyrgð innan fjölskyldunnar benda til þess að nemendur af erlendum uppruna upplifi talsvert ólíkar uppeldisaðstæður en íslenskir

samnemendur þeirra. Þeir báru oftast meiri ábyrgð heima fyrir og gerðu oft einnig miklar kröfur til sín gagnvart náminu. Þetta hafði að sjálfsögðu áhrif á félagslegan veruleika þeirra.

Menningarmunur í samskiptum nemendanna og foreldra þeirra við náms- og starfsráðgjafa

Náms- og starfsráðgjafarnir töluðu flestar um það í viðtölunum að upp gæti komið misskilningur í samskiptum þeirra bæði við nemendur og foreldra vegna ólíkra menninga. Í þeim tilvikum gat menntun foreldra og tungumálakunnátta skipt máli. Þær sögðust stundum ekki gera sér grein fyrir því hvort þær gerðu eitthvað, bæði í óformlegu spjalli og einnig í formlegum viðtölum, sem gæti túlkast sem dónalegt eða niðrandi gagnvart nemendum eða foreldrunum. Þær voru nokkuð sammála um að það vanti til dæmis almenna fræðslu, fyrir þær sjálfar og annað starfsfólk skólans, gagnvart ýmsu sem getur komið upp í samskiptum ólíkra menningarheima.

Í skólanum hjá Önnu voru nemendur frá Víetnam en á þeim tíma sem þeir komu var starfsmaður að vinna með henni sem var frá Víetnam og gat leiðbeint Önnu í samskiptum við nemendurna og eins og Anna sagði:

Þegar þú ert að tala við íslenskan nemanda og ert kannski virkilega að leggja áherslu á þitt mál, þá segirðu, „horfðu í augun á mér þegar ég er að tala við þig.“ Hún sagði sko þetta er ekki hægt að segja við Víetnama. Víetnami er alinn þannig upp að strákur horfir nú auðvitað ekki í augun á konu og þú ert kennari í allt annarri stöðu heldur en hann. Hann horfir bara niður allan tímann og þú getur ekkert sagt við hann „horfðu í augun á mér“ því það er svo dónalegt. Það er eitthvað sem að hann hefur lært að er bara ekki inni í myndinni.

Anna sagði það hafa skipt sig miklu máli að hafa fengið þessar upplýsingar og gert starfið mun auðveldara. Þar með gat hún átt betri samskipti við nemendur og foreldra frá upphafi, byggða á virðingu og skilningi.

Náms- og starfsráðgjafarnir nefndu að stundum væri erfitt að fá foreldra barna af erlendum uppruna í foreldraviðtöl og þau væru ekki eins meðvituð um að mæta eins og aðrir foreldrar eða eins og Anna sagði: „Þegar það er foreldradagur og foreldrarnir bara einhvern veginn bara átta sig ekki á því, fylgjast ekki með því, skilja það kannski ekki og vita ekki hvernig á að þanta tímann.“ Anna nefndi einnig að foreldrar þessa nemendahóps hefðu yfirleitt sjaldnar samband við hana til að ræða um einhver vandamál hjá börnunum þeirra eða til að fá upplýsingar heldur en íslenskir foreldrar.

Þær voru allar sammála um að þær fylgdust með nemendum af erlendum uppruna og foreldrum þeirra og reyndu að koma á samstarfi foreldra við skólann og sérstaklega í upphafi skólagöngu barnanna. María sagði það stundum vera erfitt:

Það er stundum erfitt að fá þau með manni í lið. Það er einmitt eitthvað sem við erum að vinna í núna. Að mynda foreldrahópa hjá þeim sem eru nýkomnir og gera þeim grein fyrir mikilvægi þess að hafa heimilin með.

Foreldrarnir eru tenging skólans við heimilin og það er mikilvægt að þeir hafi samvinnu við skólann til að barninu þeirra líði vel í skólanum.

Náms- og starfsráðgjafarnir töldu allar að túlkar væru mikilvægur hlekkur á milli heimilis og skóla. Þörfin á túlkum var mismikil eftir skólum en þeim fannst flestum engu að síður talsvert erfitt að tala við foreldra í gegnum þriðja aðila. Eins mikilvægur og túlkurinn var til að koma upplýsingum á framfæri milli þessara tveggja aðila fannst flestum náms- og starfsráðgjöfunum þátttaka þeirra gera allt talsvert flóknara í viðtölunum en með íslenskum foreldrum. Hanna sagði: „Það er þetta samskiptaleysi milli skóla og heimilis, þú veist þetta er svo lokað. Það þarf allt að túlka, þarf alltaf að vera þriðji aðili á fundi, þú veist af því að það vantar þessi samskipti þarna á milli.“

Í framhaldi af umræðu um túlka kom fram að náms- og starfsráðgjafarnir vissu ekki alltaf hvernig þær ættu að haga sér í þessum samskiptum og hvort þær gerðu eitthvað sem teljast mætti móðgandi til dæmis gagnvart foreldrinu. Sara nefndi það í sínu viðtali:

Maður þyrfti að fá fræðslu þegar maður er í viðtölum að ræða við kannski foreldra og barn að ... maður sé að sýna virðingu og af því að maður veit ekki betur og móðgar viðkomandi. Það var fundur með túlki og hérna ... hann til dæmis talaði um frú og frú og við náttúrulega bara mjög óformleg. Þá fer maður að spekulera, bíddu á maður að vera með eitthvað forskeyti á undan ... Erum við að móðga hana af því að við erum ekki að þera og við erum bara öll bara svona voða óformleg.

Að vera á foreldrafundi með túlki getur verið talsvert flókið og Sara greindi þarna frá því sem hún upplifði í samtali við foreldri, þar sem aðaláherslan hjá náms- og starfsráðgjafanum ætti að vera á barn viðkomandi foreldris. Allir náms- og starfsráðgjafarnir höfðu unnið með túlki og voru sammála um að það væri krefjandi. Viðtölin voru talsvert lengri en viðtöl við íslenska foreldra og þær urðu að vanda orðavalið til að ekkert misskildist. María útskýrði upplifun sína af því að vinna með túlki. „Ég bara vá, þetta er eitthvað sem ég lærði aldrei í náminu og hversu ótrúlega krefjandi það getur verið. Hvað það varðar, þá hefði ég viljað fá einhverja kynningu.“ María nefndi að það sem kom henni á óvart við að vinna með túlkum væri þessi stéttaskipting

sem getur verið á milli túlks og foreldris. Þegar túlkurinn og foreldrið fóru að ræða saman heyrðu viðkomandi aðilar á talsmátanum að annar aðilinn taldi sig hugsanlega æðri hinum aðilanum og þá gat verið erfitt fyrir þessa aðila að tala saman. Hún sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir því að hún væri að upplifa slíkt hér á landi eins og hún útskýrði:

Túlkur hefur sagt við mig, já maður heyrir á talsmátanum á þessum að hann lítur niður á þennan og ... þetta er eitthvað svona sem maður upplifir engan veginn sjálfur. Eins að vita það að foreldrar geta valið sér túlk. Ef þú kannt ekki við þennan eða hinn, túlkur er ekki sama og túlkur. Þetta er svo ótrúlega flókið. Viðtal með túlki tekur líka miklu lengri tíma og maður þarf að vanda sig alveg ótrúlega í orðavali, hafa þetta ekki of flókið.

Í tengslum við þessi orð Maríu um hvernig samskipti foreldra og túlka geta verið viðkvæm og flókin, þá sagði hún einnig að það væri kannski ekki undarlegt að foreldrarnir vildu oft fá börnin sín til að túlka fyrir þá, þó að grunnskólinn leyfði nemendum sínum ekki að gera það.

Foreldrar nemenda af erlendum uppruna eru eins ólíkir og þeir eru margir, að mati náms- og starfsráðgjafanna, til dæmis hvað varðar tungumálakunnáttu og menntun almennt, auk munar á menningarlegum bakgrunni. Þeir sem voru enskumælandi áttu mun auðveldara með að fylgjast með því sem fram fór í skólanum heldur en þeir foreldrar sem þurftu á túlki að halda gagnvart öllu skólastarfinu. Anna benti á að foreldrarnir hefðu mismikil tækifæri, vegna ýmissa þátta, til að styðja við börn sín bæði gagnvart náminu og líðan í skólanum. Það mætti skipta þeim í tvennt. Í öðrum hópnum voru foreldrar sem „... skilja ekki, kunna ekki, geta ekki sent tölvupóst jafnvel foreldrar barna hér sem að kunna ekki að lesa.“ Hinum hópnum tilheyra börn sem eru með „... gott bakland, þau eru með háskólamenntaða foreldra, fólk sem að skynjar samfélagið eins og skot og er í engum vandræðum með að redda sér í íslensku samfélagi.“ Börnum þeirra gekk yfirleitt vel í skólanum. Anna sagðist hafa áhyggjur af fyrri hópnum þar sem foreldrarnir hefðu oft enga menntun, ynnu langan vinnudag og byggju ekki í eigin húsnæði. Anna orðaði umræðuna um þennan foreldrahóp þannig:

Þau eru ekki vön að vera í skóla og kunna ekki skólakúltúrin kannski frá sínu eigin landi. Þarna held ég að við þurfum að hugsa um félagslegan bakgrunn þessara barna. Vegna þess að sum þeirra einhvern veginn hafa engan þegar þau koma heim til að styðja sig.

Flestir náms- og starfsráðgjafarnir höfðu svipaða sögu að segja og Anna og töldu að skólaganga nemenda þessa foreldrahóps væri oft erfiðari en þeirra sem áttu foreldra sem gátu stutt við

þau námslega séð. Sara nefndi að foreldrarnir gátu oft ekki aðstoðað börnin sín í náminu, því í flestum tilfellum voru börnin mun betri í íslensku en foreldrarnir:

Við erum með nemendur sem eru kannski búin að vera hérna alla tíð og eru komin upp í tíunda bekk og það þarf ennþá að túlka fyrir foreldrana. Þá finnst manni í rauninni það vanta stuðning inni á heimilinu upp á íslenskukennslu barnanna.

Náms- og starfsráðgjafarnir voru sammála um að stundum væri mikið álag á börnunum vegna tungumálaörðugleika foreldranna. Þeir gátu orðið talsvert einangraðir og höfðu oft lítil samskipti við Íslendinga. Í tengslum við það sagði Jóna frá því að á skemmtun hjá skólanum, þar sem foreldrar komu til að gleðjast með börnunum sínum hefðu foreldrar bæði af erlendum uppruna og Íslendingar spjallað saman og kom fram hjá Jónu að „... sumir voru kannski búnir að búa saman í stigagangi í mörg ár en aldrei talað saman en fóru að tala saman ... bæði íslenskir og erlendir foreldrar.“ Góð samskipti milli foreldra voru af því góða að mati náms- og starfsráðgjafanna.

Menningarmunur sem tengist samskiptum nemenda af erlendum uppruna og foreldra þeirra við náms- og starfsráðgjafa birtist stundum í ýmiss konar aðstæðum sem byggjast á misskilningi. Fram kom að túlkar spila stórt hlutverk í samskiptum foreldra og skóla, sem reyndar gat gert samskiptin við þá þunga í vöfum. Foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna virtust hafa minna samband við náms- og starfsráðgjafa en aðrir foreldrar og þeir koma síður á foreldrafundi í skólanum heldur en íslenskir foreldrar. Það kom jafnframt fram að þessi foreldrahópur er mjög ólíkur innbyrðis, til dæmis hvað varðar menntunarstig og sumir virtust vera í litlum samskiptum við íslenska foreldra.

Til að geta brugðist við fyrrnefndum hindrunum, sem mættu nemendum af erlendum uppruna, notuðu náms- og starfsráðgjafar ýmsar leiðir til að efla félagslega virkni þeirra.

3.2 Viðleitni ráðgjafa til að efla félagslega virkni ungmenna af erlendum uppruna

Þegar rædd var viðleitni náms- og starfsráðgjafa til að efla félagslega virkni ungmenna af erlendum uppruna á unglíngastigi grunnskóla kom í ljós að þær lögðu áherslu á að stuðla að virkni þeirra, bæði utan og innan skólans, til dæmis með hvatningu til þátttöku í íþróttum og félagslífi utan skóla og með félagsfærni- eða sjálfstyrkingarhópum í skólunum. Flestar þeirra hittu aðra náms- og starfsráðgjafa á fundum reglulega sem veitti þeim tækifæri til samráðs um þennan nemendahóp.

Ráðgjafar miðla hugmyndum sín í milli

Viðmælendurnir töldu mikinn stuðning felast í því að hitta reglulega aðra náms- og starfsráðgjafa í nágrannaskólunum og ræða ýmis mál sem koma upp í starfinu og meðal annars málefni sem tengjast nemendum af erlendum uppruna og stöðu þeirra. Sara kom inn á það að á fundunum hefðu þær möguleika á að ræða ýmislegt sem getur komið upp varðandi nemendum af erlendum uppruna bæði í skólanum og eftir skóla, eins og hún lýsti:

Að í rauninni ef ég hefði virkilegar áhyggjur af einhverri svona félagslegri stöðu erlends nemanda og hvað ég gæti gert þá mundi ég fara með það á fundinn og segja hvað finnst ykkur? Hafið þið reynt þetta? Hvað er gott að gera?

Orð Söru mátti skilja þannig að hún teldi hjálplegt að geta talað við aðra náms- og starfsráðgjafa sem kannski höfðu glímt við svipuð vandamál og hún sjálf. Þær leita sameiginlega allra leiða til að aðstoða þessa nemendur og nýttu sér ýmis úrræði sem bauðst í nærumhverfi skólans. Þeim fannst mikilvægt að geta borið saman bækur sínar og fengið aðstoð við ýmis mál sem snúa að þessum nemendahópi eða eins og María orðaði það: „Við erum að tala um að vera ekki að finna upp hjólið,“ og hinar tóku undir það. Þær voru allar sammála um að jafnframt því að geta borið sig saman við aðra náms- og starfsráðgjafa vegna einstakra málefna væri einnig mikilvægt að vinna náið með öðru starfsfólki síns skóla. Skólarnir voru þó ólíkir að ýmsu leyti og höfðu misjafnan fjölda nemenda af erlendum uppruna sem reyndar gerði vinnu þeirra með þessum hópi ólíka á milli skóla. En engu af síður var ljóst að samráð náms- og starfsráðgjafanna snérist ósjaldan um félagslega virkni nemenda af erlendum uppruna, jafnt utan skólans sem innan. Ekki komu fram dæmi um að ráðgjafarnir deildu með sér hugmyndum um hvernig stuðla mætti að aðlögun íslenskra nemenda að nemendum af erlendum uppruna og stuðla þar með að gagnkvæmri aðlögun allra.

Félagsleg virkni utan skólans

Náms- og starfsráðgjafarnir áttu það allar sameiginlegt að hafa viljann til að láta nemendum af erlendum uppruna líða vel, jafnt utan skólans sem innan. Þær sögðust flestar vera í góðu sambandi við nánasta umhverfi sitt og reyndu að tengja þessi ungmenni jafnöldrum sínum og umhverfinu meðal annars með því að aðstoða þau við að fara að æfa íþróttir, sækja félagsmiðstöðvar eða sækja um sumarvinnu. Viðleitni þeirra byggðist á því að hafa í huga að þau gætu myndað félags- og vinatengsl.

Þær sögðust flestar vera í góðu sambandi við íþróttafélagið í hverfinu og höfðu gjarnan samband við það fyrir nemendur og aðstoðuðu þá við að fara að æfa þá íþrótt sem þau höfðu áhuga á að æfa. Jóna nefndi í þessu samhengi að þau ungmenni sem hér um ræðir hitta yfirleitt sjaldan íslenska jafnaldra sína eftir skóla nema eins og hún sagði, „... það er þá helst í gegnum íþróttirnar sem að þau tengjast saman eftir skóla.“ Það var því gott fyrir þennan nemendahóp að stunda íþróttir eins og Anna sagði orðrétt:

Það virðist kannski oft vera erfitt mál að stíga þetta skref að eignast íslenskan vin. Mér hefur kannski stundum fundist strákar sem að fara í fótbolta ... það er oft ótrúlega góð leið til að kynnast og vera hluti af hóp.

Af orðum hennar mátti skilja að það sé gott fyrir nemendur af erlendum uppruna að taka þátt í hópíþróttum og fá þá tilfinninguna að tilheyra einhverjum hópi félagslega, sem síðan gat hjálpað viðkomandi til að mynda dýpri venskap við einhverja úr hópnum. Um leið og þau náðu tengslum við aðra sem tilheyrðu hópnum og gátu fundið sig í íþróttinni gaf það þessum ungmönnum aukið sjálfstraust og þau öðluðust sterkari sjálfsmýnd.

Flestir náms- og starfsráðgjafarnir nefndu að eitthvað samstarf væri á milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar í hverfinu en Anna og María nefndu það sérstaklega að samstarfið væri gott. Þær nefndu að félagsmiðstöðvarnar væru mikilvægar til að aðstoða ungmenni af erlendum uppruna við að hitta jafnaldra sína í öðrum aðstæðum en í skólanum. Þær töldu þó báðar að það væri oft flókið og erfitt að fá þessa nemendur til að mæta í félagsmiðstöðina. María nefndi að nemendur af erlendum uppruna mættu betur í skemmtanir á vegum skólans heldur en hjá félagsmiðstöðvunum vegna þess að þeir fara minna út á kvöldin heldur en íslenskir samnemendur þeirra:

Við erum alveg með skemmtanir í skólanum og erum að reyna að fá þau hingað. Þau gera meira af því heldur en að fara út í félagsmiðstöð. En það vantar svo rosalega mikið þegar þau fara ekki út í félagsmiðstöð, bara tengslin. Ég er hérna alveg í flottu starfi með félagsmiðstöðinni þar sem ég punkta hjá mér og allir kennarar á unglíngastigi, nöfn hjá þeim sem eru ekki að fitta inn og eru ekki frá okkar menningarheimi.

Á þessum orðum Maríu mátti merkja að hún taldi það mikilvægt fyrir þessi ungmenni af erlendum uppruna að mæta í félagsmiðstöðina. Skólinn og starfsmenn félagsmiðstöðva lögðu sig greinilega fram við að mæta í skólann og kynna starfið fyrir krökkunum eins og hún útskýrði:

Félagsmiðstöðin kemur hingað inn til okkar að kynna. Þeir ganga í alla bekkir hérna og kynna bara massíft starfið. Ég er með allar upplýsingar með dagskrá hjá þeim

og til að geta hvatt þau að mæta. Við erum líka að hvetja þau að vera með það í símunum til að minna sig á að mæta.

Anna sagði frá því að hún aðstoðaði þessa nemendur við að sækja um ýmislegt sem tengist tómsundum og vinnu til að auka líkurnar á að þau taki þátt í einhverju eftir skóla og einnig yfir sumarið.

Ég hjálpa þeim að fylla út rafræna Reykjavík en ég er með aðgangsorðið þeirra. Ég hef líka þurft að hjálpa þeim að sækja um unglíngavinnuna og sagt þeim frá til dæmis frístundakorti. Spurt þau hvort það sé ekki örugglega verið að nota það og maður er ótrúlega mikið að reyna að hvetja þessa krakka til að reyna að vera virk í einhverju fyrir utan skólann.

Í orðum Önnu kom fram að vinna náms- og starfsráðgjafa virtist oft og einatt felast í því að aðstoða þau í við að taka þátt í því sem var í boði fyrir utan skólann, sem síðan gat hjálpað þeim að finnast þau vera hluti af einhverjum hópi og tilheyra honum.

Í stuttu máli snerist viðleitni náms- og starfsráðgjafa til að efla félagslega virkni þessara ungmenna utan skólans um að hvetja þau til þátttöku í íþróttum og að mæta í félagsmiðstöðina í hverfinu, auk þess að aðstoða þau við ýmis konar umsóknir, eins og um sumarvinnu. Þær töldu að það gæti stuðlað að meiri samskiptum þessara ungmenna og íslenskra jafnaldra þeirra sem síðan gæti leitt til jákvæðari félagslegs veruleika fyrir þennan nemendahóp.

Félagsleg virkni innan skólans

Náms- og starfsráðgjafarnir komu inn á það að þær væru flestar í sérstakri vinnu innan skólans með þessum nemendahópi til að þau ættu auðveldara með að ná tengslum við samnemendur og starfsfólk skólans. Þær unnu með þeim í ýmis konar hópavinnu, svo sem sjálfstyrkingar- og félagsfærnihópum, auk þess að aðstoða þau við þátttöku í atvinnutengdu námi. Það var talsvert mismunandi eftir náms- og starfsráðgjöfunum og fjölda ungmenna af erlendum uppruna í skólanum hvernig þessi vinna fór fram.

Hanna sagði að í skólanum hjá sér hefði hún búið til félagsfærnihópa, þar sem þessi nemendahópur fékk smá sjálfstyrkingu gagnvart ýmsum þáttum í námi og líðan almennt í skólanum. Hópurinn var líka duglegur að spila saman og þá gafst oft tækifæri til að spjalla um ýmislegt, sem síðan gat leitt til þess að þau opnuðu sig varðandi einhver vandamál eða vanlíðan. Í skólanum hjá Söru var þetta svipað og hjá Hönnu nema Sara sagði að umsjónarkennarinn kæmi talsvert mikið að þessari hópavinnu. Í skólunum hjá Önnu og Maríu

voru þær með ákveðna hópa í vinnu sem voru bæði lokaðir og kynjaskiptir. Anna sagðist einmitt vera að vinna með stelpuhóp núna í unglिंगadeildinni, þar sem lögð væri áhersla á að auka seiglu þeirra og efla þær í að gefast ekki upp gagnvart ýmsum þáttum í námi og í samskiptum. Anna nefndi að þær skiluðu sér síður í félagsmiðstöðina en strákarnir og hún ætlaði að vinna með að styrkja þær í að mæta þangað. María var að vinna með svipaða hluti gagnvart þessum nemendahópi. Hún taldi að það þyrfti að vinna með þau í lokuðum kynjaskiptum hópum til að hvetja þau til að mæta í félagsmiðstöðina. Hún bætti við:

Svo erum við með lokaða hópa, bæði stelpu og strákahópa. Þar sem þau eru svolítið í svona meira einangruðu og það sé ekki þetta áreiti að allir séu á staðnum. Eins og núna erum við með stelpuhópa. Við erum á milli fjögur og sjö en ekki á kvöldin, bara aðeins að reyna að ná þeim út.

Í orðum Maríu kom fram mikilvægi þess að geta unnið í litlum hópum. Samkvæmt henni fóru þessar stúlkur, sem voru af erlendum uppruna, ekki í neitt félagsstarf eða tómstundir eftir skóla. Í kjölfarið var ákveðið að fá þær í hópastarf eftir að skóla lyki, án þess að það væri komið kvöld. Ástæðan fyrir tímasetningunni var sú, eins og áður hefur komið fram, að foreldrar þessara ungmenna voru ekki hrifnir af því að þau færu út á kvöldin. Þetta var því ákveðið millistig vegna viðhorfa foreldranna og í þessu tilviki fóru stúlkurnar út eftir skólatíma en voru komnar snemma heim um kvöldið.

Hjá Jónu og Lindu var ekki unnið eins markvisst vikulega með nemendurna en í þeirra skólum var haldin eins konar fjölmeningarhátíð í skólanum einu sinni á ári. Þær sögðu talsverðan tíma og undirbúning nemenda fara í hana, þar sem þeir væru að kynna þjóðlönd sín og menningu á ýmsan hátt. Sumir nemendur komu með eitthvað tengt mat, aðrir föt, bækur, dansatriði eða bara eitthvað sem þeim fannst geta tengt menningu þeirra. Heilmikil vinna lá þarna að baki og þær höfðu báðar orð á því að öllum hafi þótt þetta skemmtileg uppákoma og gaf nemendum af íslenskum uppruna sýn inn í ólíka menningu hjá samnemendum sínum af erlendum uppruna. Þær töldu jafnframt að þetta gæti verið gott fyrir sjálfsmynd þessa nemendahóps og félagsfærni til að geta gert eitthvað sem þau vissu allt um og væru góð í að framkvæma. En ekki kom fram hvort aðrir nemendur, en þeir erlendu, hefðu tekið þátt í undirbúningnum.

Náms- og starfsráðgjafarnir nýttu sér ýmis önnur úrræði til að aðstoða þennan nemendahóp, til dæmis atvinnutengt nám. Þær Linda, Anna og María komu inn á það í viðtölunum að þær hefðu aðstoðað nemendur af erlendum uppruna, sem áttu erfitt með að

fóta sig félagslega innan skólans, við að fara í atvinnutengt nám. Í því fólst samkvæmt þeim að fyrirtæki eða stofnun í hverfinu bauð upp á að nemandi kæmi og ynni ákveðinn fjölda vinnutíma á viku yfir ákveðið tímabil. Fyrir nemendur af erlendum uppruna sem áttu í erfiðleikum með að mynda tengsl við aðra samnemendur, meðal annars vegna tungumálaörðugleika, töldu þær þetta vera góða leið til að gefa þeim tækifæri til að læra tungumálið samhliða vinnu. Anna útskýrði að:

Þar hafa þau fengið að vinna og þar er líka svo gott að vera vegna þess að þá þurfa þau að tala og tjá sig og þannig að ... það hefur bara alltaf gengið mjög vel og mér finnst það bara líka ágætis leið.

Önnu fannst þetta ganga vel fyrir marga nemendur af erlendum uppruna, sem áttu erfitt með að tjá sig og voru jafnvel hræddir við að reyna að tala við skólafélagana. Á meðan þau voru afslappaðri gátu þau notið samvista við til dæmis leikskólabörn í vinnu sinni. Í þessu ferli fólst að sjálfsmýndin efldist, eins og í íþróttunum, og þeim fannst þau vera öruggari með sig sjálf, sem skilaði sér í hamingjusamari einstaklingi. María nefndi dæmi um nemanda í skólanum hjá henni sem hafði liðið mjög illa og gat hvorki tjáð sig á íslensku eða ensku:

Þá kom ég henni í atvinnutengt nám á leikskóla og hún blómstrar. Þar er hún bara með litlu börnunum, þriggja til fjögurra ára að læra íslenskuna þar. Þarna erum við bara að reyna að finna allt sem við getum til að koma krökkunum í þessar aðstæður að þeim líði vel. Mér finnst þetta svona ... já það er þetta félagslega sem er svo erfitt ... að finna ekki að þú veist að maður fitti inn.

María nefndi í tengslum við þessa umræðu að í skólanum væru náms- og starfsráðgjafarnir ekki alltaf að huga aðeins að þessu námslega. „Við erum ekki alltaf að hamra inn einhvern lærdóm. Ég er meira að hugsa um þetta félagslega og að þeim líði vel.“ María hafði mikla trú á atvinnutengdu námi fyrir nemendur af erlendum uppruna og taldi að það gæti verið mikilvægur þáttur til að hjálpa þessum ungmennum að ná tökum á íslenskunni og um leið að auðvelda þeim samskipti við aðra nemendur og starfsfólk.

Þegar dregnar eru saman helstu niðurstöður um viðleitni náms- og starfsráðgjafa til að efla félagslega virkni þeirra ungmenna sem hér um ræðir innan skólans bar hæst að náms- og starfsráðgjafarnir voru með ýmis konar hópastarf með þessum nemendahópi, til dæmis sjálfstyrkingar- og félagsfærniþjálfun. Það var þó mismunandi eftir skólum og fjölda nemenda af erlendum uppruna hversu skipulagt það var á milli skólanna. Úrræði eins og atvinnutengt nám var einnig í boði hjá nokkrum þeirra.

Viðleitni náms- og starfsráðgjafanna til að efla félagslega virkni ungmenna af erlendum uppruna, bæði utan skóla og innan, birtist í stuttu máli annars vegar í því að hvetja þau til þátttöku í íþróttum, í starfi félagsmiðstöðvarinnar í hverfinu og skemmtunum innan skólans til að auka líkurnar á að þau hefðu samskipti við skólafélaga sína. Hins vegar voru þær með ýmis konar hópastarf með þessum nemendahópi innan skólans til að styrkja þau félagslega.

Meginniðurstöðurnar úr viðtölum við sex náms- og starfsráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu benda til þess að félagslegur veruleiki nemenda af erlendum uppruna á unglíngastigi í skólum þeirra hafi einkum einkennst af hindrunum vegna tungumálaörðugleika, bæði meðal nemenda og foreldra þeirra. Auk þess hafði menningarmunur áhrif á samskipti og uppeldisaðstæður voru stundum ólíkar íslenskum uppeldisaðstæðum. Viðleitni náms- og starfsráðgjafanna til að efla félagslega virkni þessa nemendahóps fólst aðallega í stuðningi þeirra til að efla þátttöku nemendanna í íþróttum, félagslífi og félagsfærni- eða sjálfstyrkingarhópum, sem gætu stuðlað að virkni þeirra bæði utan og innan skóla. Gagnkvæma aðlögun bæði íslenskra og erlendra nemenda hvert að öðru í anda fjölmenningshyggju, bar ekki á góma.

4 Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna félagslegan veruleika sem mætir ungmennum af erlendum uppruna í grunnskóla frá sjónarhóli sex náms- og starfsráðgjafa, ásamt því að gera grein fyrir viðleitni náms- og starfsráðgjafa til að efla félagslega virkni þeirra. Meginniðurstöður gáfu til kynna að félagslegur veruleiki ungmenna af erlendum uppruna mótist af ákveðnum hindrunum að mati viðmælenda. Þar voru tungumálaörðugleikar og menningarmunur mest áberandi, til dæmis vegna siða og venja í fjölskyldum. Vinna náms- og starfsráðgjafanna með þessum nemendum fólst í að virkja þau í félagsstarfi og vinna með þeim í ýmiss konar hópastarfi innan skólans til að styrkja þau félagslega. Þessar niðurstöður verða ræddar hér nánar og tengdar við fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar.

4.1 Félagslegar hindranir nemenda af erlendum uppruna í grunnskólum

Samkvæmt hugmyndum og reynslu náms- og starfsráðgjafanna sex sem rætt var við er félagslegur veruleiki nemenda af erlendum uppruna á unglíngastigi grunnskóla mótaður með afgerandi hætti af ákveðnum hindrunum sem þeir mæta. Hindranirnar koma einkum fram sem tungumálaörðugleikar í félagslegum samskiptum, menningarmunur í samskiptum við samnemendur og í félagslífi, menningarmunur vegna ábyrgðar innan fjölskyldu og menningarmunur og tungumálaörðugleikar í samskiptum nemenda og foreldra við náms- og starfsráðgjafa.

Fram kom í viðtölunum að þessi nemendahópur sé fjölbreyttur og hafi ólíkar þarfir, eins og komið hefur fram í öðrum rannsóknum (Loewen, 2004), en hann á þrátt fyrir það að hafa sömu tækifæri til menntunar og aðrir nemendur í grunnskóla (Banks, 2010; Lög um grunnskóla nr. 91/2008; Nieto, 2010). Viðmælendunum var tíðrætt um fjölgun nemenda af erlendum uppruna á undanförunum árum (Guðlaug Ólafsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen, 2012; Hagstofa Íslands, 2016a; 2016b; 2016c; 2016d; Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson, 2011) og sáu fyrir sér að framhald yrði á þeirri þróun. Þær lögðu sig allar fram um að taka vel á móti þeim þótt mismunandi væri eftir skólum hvernig staðið væri að móttökunni og hvernig fyrstu félagslegu samskiptin færu fram innan skólanna.

Móttökuáætlanir vísa veginn

Í hverjum grunnskóla á samkvæmt grunnskólalögunum að liggja fyrir sérstök móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eru að hefja nám á Íslandi, þar sem foreldrum og

nemendum er gerð grein fyrir skólastarfinu í heild sinni (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Þessum tilmælum var fylgt eftir í öllum grunnskólunum sex. Reykjavíkurborg (Reykjavíkurborg, e.d.) gaf út sérstaka móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál, sem skólar geta tekið mið af við gerð móttökuáætlana sinna. En í henni er hvorki rætt um aðkomu náms- og starfsráðgjafa að móttöku þessara nemendur né rætt um hlutverk þeirra gagnvart þessum nemendahópi. Náms- og starfsráðgjafar hafa því ekki vegvísi að starfa eftir í þessari viðmiðunaráætlun.

Miðað við orð náms- og starfsráðgjafanna um mismunandi móttökuáætlanir gæti verið skynsamlegt að samræma betur móttökuáætlanir milli skóla til að þeir nái betur utan um verkefnið. Í móttökuáætlun þarf einnig að skilgreina sérstaklega hlutverk náms- og starfsráðgjafa innan skólans til að nemendurnir fái skýrari upplýsingar um hlutverk þeirra og hvernig má nálgast þá. Enginn viðmælandi virtist tengja stefnu Reykjavíkurborgar um fjölmenningsleg skólastarf við vinnu sína með þessum nemendahópi. Það getur stafað af því að ekkert er komið inn á hlutverk náms- og starfsráðgjafa í stefnunni (Fríða B. Jónsdóttir, 2014). Það er ákveðið áhyggjuefni að náms- og starfsráðgjafar nýti sér ekki þær leiðir sem kynntar eru í stefnunni til að sinna sem best fjölbreytilegum nemendahópi með ólíkar þarfir. Móttökuáætlun skóla er sá rammi sem starfsfólk skóla starfar eftir og það sem ekki er nefnt í henni hefur jafnframt áhrif á starfsemi skóla. Ef áherslur fjölmenningshyggju eru til dæmis ekki í móttökuáætlun grunnskóla er varla hægt að búast við að starfsemi og móttaka nýnema miðist við hana.

Fá merki um áhrif fjölmenningshyggju

Áherslupættir fjölmenningshyggju voru hluti af bakgrunni þessarar rannsóknar. Kjarni hugmyndafræðinnar felst í því að samskipti milli ólíkra menningarhópa séu virk í samfélaginu og allir þegar þess hafi sömu réttindi og tækifæri. Stór þáttur í þessari sýn er að horfa á það sem fólk á sameiginlegt sem einstaklingar og um leið að bera virðingu fyrir því sem er ólíkt. Í stað þess að gera kröfur um til dæmis að innflytjendur lagi sig að ríkjandi menningu er lögð áherslu á gagnkvæma aðlögun allra í fjölmenningsarsamfélagi. Í skólasamfélagi getur þetta falist í því að nemendur sem fyrir eru í skólanum aðlagi sig einnig að þeim sem koma þangað sem nýir nemendur (Leung, 2001; Parekh, 2006).

Af niðurstöðunum að dæma virtust áherslur fjölmenningshyggju ekki vera áhersluatriði í viðhorfum náms- og starfsráðgjafanna til félagslegs veruleika nemenda af erlendum uppruna

enda eru viðmiðunaráherslur um móttöku ekki í samræmi við hugmyndir um fjölmenningshyggju. Félagslegar hindranir nemenda af erlendum uppruna voru viðmælendum efst í huga en ekki það sem hugsanlega hindraði aðra nemendur í að laga sig að þessum hópi. Í móttökuáætlunum skólanna var ekki fjallað um það hvernig hægt er að aðstoða þá nemendur sem fyrir voru í skólanum við að aðlagast nýju nemendunum og það virtist heldur ekki vera umræðuefni þegar náms- og starfsráðgjafarnir hittust á fundum innan hverfisins. Þetta vekur nokkra athygli þar sem stefna Reykjavíkurborgar um fjölmenningslegt skólastarf, Heimurinn er hér (Fríða B. Jónsdóttir, 2014), er að mörgu leyti í anda fjölmenningshyggju en meirihluti viðmælenda starfaði þar. Stefnunni er ætlað að vera stuðningur við starfsfólk grunnskóla í vinnu með nemendum af erlendum uppruna. Þar kemur fram að eitt af leiðarljósum hennar sé „... áhersla á að börn og ungmenni eigi í gagnvirkum samskiptum þar sem þau fá tækifæri til að standa jafnfætis öðrum með virðingu að leiðarljósi, um leið og þau læra hvert af öðru.“

Hins vegar má segja að samstarf ráðgjafanna við foreldra hafi verið í anda stefnumörkunar borgarinnar og þar með fjölmenningshyggju en þar er talað um að „... starfsfólk skólanna hafi frumkvæði að samstarfi við foreldra og þróa lausnarmiðaðar og sveigjanlegar leiðir til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla geti orðið hindrun í samstarfi.“ Í viðtölunum lýstu viðmælendur viðleitni sinni til að nálgast foreldrana og vinna gegn hindrunum í samstarfi þeirra, meðal annars með kynningu, viðtölum, túlkapjónustu, samstarfi við aðra starfsmenn og bæklingi um uppeldsvenjur. Ummæli eins viðmælenda um að hún hefði lært mikið af nemendum af erlendum uppruna og þar með orðið víðsýnni er einnig í anda fjölmenningshyggju. Annar viðmælendi hrósaði þessum nemendahópi fyrir að tala mörg tungumál, sem einnig má líta á sem viðhorf fjölmenningshyggju.

Viðmælendurnir vildu stuðla að því að nemendur af erlendum uppruna nytu þess réttar til náms og ánægjulegrar skólagöngu sem þeim ber samkvæmt lögum og lögðu sig greinilega fram við að skilja stöðu þeirra og þær hindranir sem mættu þeim og þá einkum vegna tungumálaörðugleika og menningarmunar.

Félagslegar hindranir vegna tungumálaörðugleika og menningarmunar

Í niðurstöðunum kom fram að náms- og starfsráðgjafarnir sem rætt var við töldu allir að tungumálaörðugleikar væri mesta félagslega hindrunin fyrir ungmenni af erlendum uppruna í grunnskólanum. Þær nefndu að þessir nemendur virtust oft ekki leita til náms- og

starfsráðgjafa að fyrra bragði og væri það aðallega vegna tungumálaörðugleika. Viðmælendurnir voru sammála um að nauðsynlegt væri að nemendur af erlendum uppruna þekki til og viti hvað náms- og starfsráðgjafar geti gert fyrir þá í skólanum enda eigi allir grunnskólanemendur jafnan rétt á ráðgjöf og félagslegum stuðningi innan skólans (Lög um grunnskóla nr. 91/2008 og Umboðsmaður barna, e.d.).

Samkvæmt ummælum náms- og starfsráðgjafanna voru nemendur af erlendum uppruna, sérstaklega á unglíngastigi, líklegir til að einangrast vegna tungumálaörðugleika. Þar af leiðandi eiga þeir lítil samskipti við samnemendur sína og starfsfólk skólans sem getur stuðlað að enn frekari félagslegri einangrun og vanlíðan. Þetta er í samræmi við niðurstöður fyrri rannsóknar á líðan og félagslegum veruleika nemenda af erlendum uppruna (Anh-Đào Tràn, 2015; Hanna Ragnarsdóttir, 2004, 2010; Nína V. Magnúsdóttir, 2010; Steen-Olsen, 2013; Þóroddur Bjarnason, 2006). Náms- og starfsráðgjafarnir reyndu sitt besta til að létta undir með þessum nemendahópi til að skapa skilning á milli þeirra og nemendanna. Á meðan nemendurnir eru að ná tökum á íslenskunni hafa þeir aðgang að spjaltdölvum sem þeir nota meðal annars til að nýta sér þýðingarforrit tungumála á internetinu. Náms- og starfsráðgjafarnir fengu einnig aðstoð frá starfsfólki skólanna, bæði kennara og annarra af erlendum uppruna, til að túlka fyrir þá. Starfsfólkið reyndist þeim sem ekki gátu tjáð sig á íslensku eða ensku ómetanlegur stuðningur. Það kom einnig fram í viðtölunum að samtöl með túlki væru oft mjög erfið. Þannig er það ekki einungis tungumálaerfiðleikar sem hindra félagslega virkni og aðlögun nemenda af erlendum uppruna heldur einnig skortur á aðlögun annarra nemenda að þeim (Anh-Đào Tràn; Nína Magnúsdóttir, 2010).

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu jafnframt fram á að ungmenni af erlendum uppruna í skólum viðmælenda virtust vita minna um nærumhverfi sitt en aðrir nemendur, til dæmis hvað tekur við eftir grunnskólanámið eða hvað er í boði eftir að skóla lýkur. Nemendur af erlendum uppruna virtust síður taka þátt í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi en aðrir nemendur og höfðu viðmælendurnir greinilega áhyggjur af því. En hér á landi hafa komið fram jákvæð tengsl á milli þátttöku í skipulögðu íþrótta- eða tómstundastarfi og líðan ungmenna í grunnskólanum (Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2006). Foreldrar þeirra virtust einnig vera ragari við að leyfa þeim að fara í ferðalög á vegum skólans og taka þátt í tómstundum og íþróttastarfi heldur en foreldrar íslenskra samnemenda þeirra. Í þessu tilviki geta orsakabættir fyrir þessu verið tungumálaerfiðleikar, einangrun og

menningarmunur. Í fjölmenningsstefnu Reykjavíkurborgar (Fríða B. Jónsdóttir, 2014) kemur fram að mikið er lagt upp úr samstarfi við foreldra barna og ungmenna af erlendum uppruna til að takist á við þær hindranir sem geta mætt nemendum vegna ólíkra siða og venja í menningu þeirra, eins og fyrr var nefnt.

Menningarmunur í uppeldi, ábyrgð heima fyrir og kröfur nemenda á þá sjálfa hafa áhrif á félagslegan veruleika ungmenna af erlendum uppruna að mati viðmælenda. Ljóst var af viðtölunum við náms- og starfsráðgjafana að menningarmunur hafði einnig áhrif á störf þeirra í samskiptum við nemendur af erlendum uppruna og foreldra þeirra (Garcea, 2005; Nieto 2010). Þar geta mismunandi uppeldishefðir haft áhrif. Náms- og starfsráðgjafarnir komu inn á það að í sumum menningarsamfélögum er það til dæmis viðurkennt að aga börn sín með því að slá þau en hér á landi líðst það ekki. Foreldrar ala yfirleitt börn sín upp eftir þeim gildum og siðum sem eru einkennandi fyrir þeirra menningu sem síðan getur skarast á við menningu samfélagsins sem viðkomandi einstaklingar búa í (Wertsch, 1984).

Einnig kom fram að þessi börn og ungmenni gera meiri kröfur til sjálfs sín en íslenskir nemendur og axla oft meiri ábyrgð á sér og systkinum sínum heldur en íslenskir samnemendur þeirra. Ungmenni af erlendum uppruna voru stundum einangruð heima hjá sér vegna þess að þau þurftu að passa yngri systkini sín, meðal annars vegna vinnu foreldranna. Náms- og starfsráðgjöfunum fannst þessir nemendur yfirleitt vera duglegir og samviskusamir og að í þeim búi mikill menningarauður fyrir samfélagið.

Náms- og starfsráðgjöfunum í þessari rannsókn fannst því oft bæði flókið en um leið gefandi að takast á við siði og venjur í menningum sem eru ólíkar þeirra eigin.

Menningarmunur í samskiptum ráðgjafa við nemendur og foreldra

Niðurstöðurnar sýndu fram á að oft kom upp misskilningur í samskiptum náms- og starfsráðgjafa við nemendur af erlendum uppruna og foreldra þeirra vegna ólíkra menningarheima. Viðmælendur nefndu dæmi um kurteisisvenjur og orðanotkun í þessu sambandi. Þær voru sammála um að það vantaði meiri fræðslu fyrir þær og annað starfsfólk innan skólanna um hvernig farsælast er að eiga í samskiptum við nemendur og foreldra af ólíkri menningu en þeirra eigin (American School Counselor Association, 2010). Náms- og starfsráðgjafarnir komu flestar inn á það að þær legðu sig fram við að eiga góð samskipti við bæði nemendurna og foreldrana og vildu að samskiptin einkenndust af virðingu milli menningarheima en ekki einungis að annar aðilinn yrði að aðlaga sig að viðkomandi venjum

og síðum. Viðhorf til nemenda af erlendum uppruna hefur aftur á móti oft einkennst af því að þeir hafi kosið að koma til landsins og eigi að aðlaga sig að því (Siraj-Blatchford, 2002). Aðeins bar á þessu viðhorfi í viðtölunum. Á Íslandi hefur viðhorfið til hugmynda um menningarlegan fjölbreytileika nemenda í skólakerfinu meira verið á þá leið að tilkoma þeirra hafi ekki nein áhrif á það vegna þess að þessi nemendahópur sé ekki það fjölmennur og því sé ætlast til þess að hann aðlagi sig að ríkjandi menningu (Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir, 2010; Kymlicka, 1996).

Foreldrar barna af erlendum uppruna virtust síður leita til náms- og starfsráðgjafa eftir aðstoð eða upplýsingum fyrir börn sín heldur en íslenskir foreldrar. En fram kom að þessi foreldrahópur er talsvert ólíkur innbyrðis, meðal annars menntunarlega séð og þau virtust vera í litlum samskiptum við íslensku foreldrana. Í viðtölunum kom fram að foreldrar af erlendum uppruna eru oft frekar óvirkur hópur innan skólans og sérstaklega þeir sem hafa litla eða enga menntun. Vilji var hjá náms- og starfsráðgjöfunum til að virkja foreldrana til að taka meiri þátt í lífi barna sinna innan skólans sem um leið gæti haft góð áhrif á líðan og velgengi þeirra í skólanum (Fríða B. Jónsdóttir, 2014). Það virtist skorta aðstæður til þess eða hugmyndir um hvernig eigi að koma því í framkvæmd.

Viðmælendurnir töluðu um að vinna með nemendum og foreldrum af erlendum uppruna væri grundvallaratriði til að gera sér grein fyrir þeim viðkvæmu samskiptum sem geta verið á milli tólka og foreldra. Tólkar skipta miklu máli í vinnu náms- og starfsráðgjafa samkvæmt ráðgjöfunum sem rætt var við. Þeir eru oft milliliður í samskiptum heimilis og skóla. Foreldrarnir eiga rétt á túlkaþjónustu í samskiptum sínum við skólann (Lög um grunnskóla nr. 91/2008), eins og fram hefur komið. Fram kom hjá einum náms- og starfsráðgjafanum að ákveðin stéttaskipting geti verið á milli foreldris og tólks, þar sem annar aðilinn er hærra settur í samfélagsstiganum heldur en hinn. Í þeim tilfellum varð náms- og starfsráðgjafinn að vera meðvitaður um óskir foreldranna.

Í viðtölunum kom fram að þeir aðilar sem starfa með nemendum af erlendum uppruna verði að vera færir um að öðlast skilning á menningu og síðum þeirra. Þeir þurfa einnig að geta tekið tillit til annarra síða og venja þó að þær samrýmist ekki gildum þeirra eigin menningar. Náms- og starfsráðgjafar verða því að vera meðvitaðir um sína eigin fordóma og takmörk í vinnu með fólki af erlendum uppruna, ásamt því að vera færir um að sjá styrkleika einstaklinganna í sinni eigin menningu. Þetta er í samræmi við hugmyndir fræðimanna um

fjölmenningarlega hæfni ráðgjafa (Anh-Đào Trân, 2015; Sue, Arredondo og McDavis, 1992; Sue o.fl., 1982).

Náms- og starfsráðgjafarnir í þessari rannsókn gerðu sér grein fyrir að erlendum nemendum myndi eflaust fjölga á næstu árum og töldu því mikilvægt að skólakerfið sé tilbúið til að mæta þeim, bæði hvað varðar námið og félagslegan veruleika þeirra. Þeir, ásamt öðru starfsfólki grunnskólans, geta nýtt sér fjölmenningarfræðin til að skilja betur hvernig best sé að eiga samskipti við foreldra og nemendur af erlendum uppruna á jafnréttisgrundvelli og ekki hvað síst til að koma í veg fyrir misskilning.

4.2 Fjölmenningarlegir náms- og starfsráðgjafar – orð og athöfn

Annar áhersluþáttur þessarar rannsóknar sneri að viðleitni náms- og starfsráðgjafanna sex, sem rætt var við, til að efla félagslega virkni ungmenna af erlendum uppruna. Þannig var sjónum beint frá viðhorfum þeirra og sýn yfir í störf þeirra sem fjölmenningarlegir ráðgjafar. Þegar spurt var um viðleitni þeirra til að efla virkni ungmenna af erlendum uppruna í grunnskólanum, bæði utan og innan skólans, kom fram að þær hvöttu þau til þátttöku í félagslífi, tómstundastarfi og íþróttum eftir skóla. Einnig var unnið með nemendurna í ýmiss konar hópavinnu í skólanum til að efla samskiptahæfni þeirra og skipulögð þátttaka sumra þeirra í atvinnutengdu námi. En jafnframt kom fram áhugi þeirra á að efla fjölmenningarlega hæfni sína.

Viðleitni til að efla fjölmenningarlega hæfni sína

Fræðimenn hafa bent á að í störfum sínum sem fjölmenningarlegir náms- og starfsráðgjafar sé mikilvægt að geta gert sér grein fyrir þeim hindrunum sem geta mætt nemendum af erlendum uppruna og unnið úr þeim (Sue o.fl., 1982, Sue, Arredondo og McDavis, 1992). Hér framar var því lýst hvernig einmitt hindranir þessa nemendahóps voru viðmælendum ofarlega í huga og vilja þeirra til að mæta þeim en í gegnum tíðina hefur kannski ekki alltaf verið lögð mikil áhersla innan náms- og starfsráðgjafar á að aðstoða fólk af erlendum uppruna í námi og starfi (Arredondo, Rosen, Rice, Perez og Tovar-Gamero, 2005). Náms- og starfsráðgjafarnir í þessari rannsókn lögðu sig fram við að aðstoða þennan nemendahóp í samskiptum við samnemendur sína og aðra innan skólans og litu greinilega á það sem hluta af starfi sínu (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2015; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013 og Parikh, Post og Flowers, 2011). Þannig taldi þessi hópur ráðgjafa ekki síður mikilvægt að efla nemendur af erlendum uppruna félagslega eins og námslega. En oftast en ekki virðist hafa verið horft til þess að góður

námsárangur nemenda teljist til vel heppnaðrar aðlögunar að skólanum frekar en hvernig þeim gangi félagslega innan hans (Leung, 2001).

Með fjölmennigarlegri hæfni er átt við að ráðgjafinn geti nálgast ráðgjöfina í tengslum við menningu viðkomandi nemanda og foreldris og um leið eftl skilning sinn á menningu annarra (Ahmed, Wilson, Henriksen og Jones, 2011; Hook, Davis, Owen, Worthington og Utsey, 2013; Sue, Arrendondo og McDavis, 1992; Sue og Sue, 2012). Það er einnig talið mikilvægt að náms- og starfsráðgjafar telji ekki sína menningu að einhverju leyti betri en menningu þeirra sem þeir eru að vinna með. Ef þeir geta tekið tillit til þess að viðhorf fólks geti verið ólíkt eftir menningu hjálpar það þeim einnig að vinna með fólki af ólíkum uppruna (Corey og Corey, 2011; Puukari og Launikari, 2005; Sue og Sue, 2012). Viðmælendum var menningarmunur ofarlega í huga og reyndu þeir að taka tillit til þess í störfum sínum. Dæmi voru um að þær leituðu til samstarfsfólk af erlendum uppruna til að skilja nemendur og foreldra þeirra betur og tvær nefndu reynslu sína af því að vera sjálfar af erlendum uppruna í öðru landi. Flestir náms- og starfsráðgjafarnir í þessari rannsókn hittu aðra náms- og starfsráðgjafa reglulega á fundum innan síns hverfis. Þar ræddu þær saman um ýmis mál sem komu upp í starfinu og meðal annars málefni nemenda af erlendum uppruna sem snúa oftast en ekki að félagslegri aðlögun þeirra að skólanum. Þannig efldu þær getu sína til að vinna með fólki af ólíkum uppruna og þar með fjölmennigarlega hæfni sína.

Í hugmyndafræði fjölmennigarhyggjunnar er lögð áhersla á að fólk hafi innsýn inn í aðra menningu en sína eigin og hugmyndinni um einhliða aðlögun að ríkjandi menningu er vísað á bug. Í stað þess er stefnt að gagnkvæmri aðlögun allra í fjölmennigarsamfélagi, óháð ríkjandi menningu (Parekh, 2000, 2006; Orðabanki Íslenskrar málstöðvar, e.d.b.). Náms- og starfsráðgjafarnir í þessari rannsókn virtust ekki vinna með skipulögðum hætti í anda hugmyndafræði fjölmennigarhyggjunnar. Höfundur finnst áhugavert að velja því fyrir sér hvernig grunnskólinn getur komið til móts við nemendur af erlendum uppruna með því að mæta þeim á miðri leið, í stað þess að ganga út frá því að aðlaga þá að ríkjandi menningu. Nemendurnir sem fyrir eru í skólanum gætu fengið aðstoð við að aðlaga sig að nýjum nemendum. Vinnan við að efla félagslega virkni nemenda af erlendum uppruna væri þá ef til vill ekki svona stór þáttur í vinnu náms- og starfsráðgjafanna eins og hún er í dag.

Ef viðleitni viðmælenda rannsóknarinnar til að nálgast nemendur af erlendum uppruna eru tengd hæfniviðmiðum í fjögurra þátta líkani Sue, Arredondo og McDavis, sem ætlað er að

útskýra fjölmennarlega hæfni ráðgjafa (Sue o.fl., 1992; Stefanía Ægisdóttir og Gerstein, 2010) má segja að efni sem snertir alla fjóra þættina hafi borið á góma með einhverjum hætti. Fram kom hjá viðmælendum að þeir voru meðvitaðar um menningarlegan mun milli sín og nemenda af erlendum uppruna; þær nýttu sér þekkingu sína á umhverfinu og stofnunum nærsamfélagsins í ráðgjöf sinni; viðmælendur unnu að því að efla færni sína meðal annars með sameiginlegum fundum ráðgjafa í viðkomandi hverfi og höfðu áhuga á að efla hana enn frekar; og loks kom fram áhugi þeirra á fjölmenningu.

Hvatning til þátttöku félagsstarfi og hópastarfi

Viðmælendurnir nefndu allir að þátttaka nemenda af erlendum uppruna í ýmsum tómsundum, íþróttum og félagsstarfi eftir skóla væri minni en íslenskra samnemenda þeirra. Ungmenni af erlendum uppruna virtust ekki heldur skila sér jafn vel í félagsmiðstöðvarnar í hverfunum og íslenskir samnemendur. Þær gerðu því sitt til að hvetja og aðstoða þau til slíkrar þátttöku en nefndu ekki hvort eða hvernig þær aðstoðuðu aðra nemendur við þátttöku í gagnkvæmri aðlögun þessara hópa, í anda fjölmenningshyggju. Náms- og starfsráðgjafarnir voru flestar í góðum tengslum við íþróttafélagið og félagsmiðstöðina í hverfinu og í samvinnu við þessa aðila var verið að hvetja þennan nemendahóp til að vera félagslega virkur. En svo var að sjá að tengslin við foreldrana um þátttökuna væru erfiðari. Þeir töldu að þar með yrðu þau líklegri til að verða félagslega öflug og geti átt frumkvæði að samskiptum við samnemendur sína.

Náms- og starfsráðgjafar eru oft með þeim fyrstu sem aðstoða nemendur af erlendum uppruna þegar þeir koma til landsins og hefja nám í grunnskólanum (Cedefop, 2014). Í niðurstöðum kom fram það sjónarmið viðmælenda að gott væri að byrja á því að styrkja sjálfsmynd þeirra til að efla sjálfstraustið, sem er í samræmi við niðurstöðum annarra rannsókna (Kasurinen, Juutilainen, Mastoraki og Saukkonen, 2005; Kymlicka, 1996). Innan hvers grunnskóla í rannsókninni var því unnið að því að efla sjálfsmynd og sjálfstraust nemendanna í einhvers konar hópastarfi. Hins vegar var unnið á ólíkan hátt og mismikið með nemendum af erlendum uppruna eftir skólum, sem er í samræmi við rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur (2008) um að ýmislegt vanti upp á skipulag og þekkingu í vinnu með þessum nemendahópi hér á landi. Til dæmis virtist ekki vera áhersla á að hafa fjölmennarlega skólastefnu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi í vinnu með nemendum en í henni eru tillögur um ólíkar nálganir (Fríða B. Jónsdóttir, 2014). Af orðum náms- og starfsráðgjafana var vinnan

með þessum nemendahópi allt frá því að spila saman einstöku sinnum upp í skipulagða hópa þar sem unnið var markvisst að sjálfstyrkingu og félagsfærni yfir ákveðinn tíma. Í niðurstöðum kom fram hjá nokkrum náms- og starfsráðgjöfunum að þær nýttu sér einnig þann möguleika sem Reykjavíkurborg býður upp á með atvinnutengdu námi á vegum skólans. Þær töldu að þetta væri góð leið til að ýta undir jákvæða sjálfsmynd og efla tungumálakunnáttuna þeirra. Nemendurnir eiga rétt á leiðsögn sem hentar þeim og þá þurfa náms- og starfsráðgjafarnir að vera tilbúnir til að mæta þörfum þeirra (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2015). Í framhaldinu verða þeir síðan að geta þróast með breytingum í samfélaginu til að geta sinnt þörfum þessa nemendahóps (Ratts, Singh, Nassar-McMillan, Butler og McCullough, 2015).

Náms- og starfsráðgjafarnir í þessari rannsókn unnu á talsvert ólíkan hátt með nemendur af erlendum uppruna en það var líka tengt fjölda nemenda í skólunum sex, eins og fram hefur komið. Hver og ein var í sínum skóla að leita leiða til að þessum nemendum liði vel í skólanum og aðstoða þau við að ná tengslum við samnemendur sína. Sú viðleitni fólst annars vegar í því að hvetja þau til þátttöku í ýmiss konar félagslegu starfi og hins vegar í skipulagðri eflingu á félagsfærni og byggðist það meðal annars á skilningi á þeim hindrunum sem nemendurnir áttu við að glíma. Allar voru þær sammála um að hafa áhuga á að afla sér meiri þekkingar um fjölmennningarlega ráðgjöf og efla þar með fjölmennningarlega hæfni sína til að verða betur í stakk búnar til að vinna með þessum nemendahópi. Það er í samræmi við niðurstöður rannsóknar Sigrúnar Helgu Björgvinsdóttur (2015) um sambærilegan áhuga náms- og starfsráðgjafa.

Takmarkanir á þessari rannsókn eru einkum þær að aðeins var rætt við sex náms- og starfsráðgjafa og einungis í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og verður því að túlka niðurstöðurnar af varfærni. Út frá þessum niðurstöðum er ekki hægt að alhæfa um félagslegan veruleika allra nemenda af erlendum uppruna í unglingsdeildum grunnskóla landsins eða hvaða viðleitni aðrir náms- og starfsráðgjafar sýna í sinni vinnu með þessum nemendahópi. Því er þörf á stærri og víðtækari rannsókn á þessu mikilvæga viðfangsefni sem næði til stærra úrtaks grunnskóla landsins. Einnig er mikilvægt að gera rannsókn sem snýr að ungmennunum sjálfum og kanna hvernig þau upplifa stuðning náms- og starfsráðgjafa í grunnskólunum við félagslega þátttöku þeirra.

5 Lokaorð

Félagslegur veruleiki ungmenna af erlendum uppruna samkvæmt þessari rannsókn er sá að vegna tungumálaörðugleika og menningarmunar eiga þau oft erfitt með að eiga samskipti við aðra nemendur og starfsfólk skólanna. Vinna náms- og starfsráðgjafanna með nemendum af erlendum uppruna er mismunandi eftir skólum en allar áttu þær það sameiginlegt að leggja sig fram við að leita leiða fyrir þennan nemendahóp til að hann eigi sem farsælasta grunnskólagöngu, meðal annars með því að virkja þau félagslega og í hópavinnu innan skólans.

Vinnan við þetta verkefni hefur verið bæði krefjandi og skemmtileg. Það kom mér á óvart hversu yfirgripsmikið starf náms- og starfsráðgjafa er í grunnskólanum og á hversu ólíkan hátt skólarnir nálgast þennan nemendahóp sem hér er til umræðu. Lærdómur minn í þessu ferli hefur verið sá að ég tel að mikilvægt sé að gefa þessum nemendahópi meiri athygli og vægi en virðist vera reyndin.

Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið á síðustu árum í grunnskólakerfinu en lítið hefur verið skoðað hvernig náms- og starfsráðgjafar upplifa vinnu með þessum nemendahópi og hvernig þeir aðstoða þennan nemendahóp gagnvart námi sínu, líðan í skólanum og félagslegri þátttöku. Ég tel að rannsóknin geti varpað einhverju ljósi á starf náms- og starfsráðgjafa með þessum hópi og hvaða félagslega veruleika þessir nemendur búa við. Þá þekkingu sem skapast með þessari rannsókn ætti að vera unnt að nýta til að gera starf náms- og starfsráðgjafa skipulagðara og markvissara á ýmsum sviðum gagnvart þessum nemendahópi.

Heimildaskrá

- American School Counselor Association. (2010). *Ethical standards for school counselors*. Alexandria, VA: Author.
- Ahmed, S., Wilson, K. B., Henriksen, R. C. og Jones, J. W. (2011). What does It mean to be a culturally-competent Counselor? *Journal for Social Action in Counseling and Psychology*, 3(1), 17–28. Sótt af http://www.psyc.org/jsacp/ahmed-v3n1-11_17-28.pdf
- Anh-Đào Trân. (2015). *Untapped Resources or Deficient 'Foreigners'. Students of Vietnamese Background in Icelandic Upper Secondary Schools* (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23419>
- Arredondo, P., Rosen, D. C., Rice, T., Perez, P. og Tovar-Gamero, Z. G. (2005). Multicultural counseling: A 10-year content analysis of the Journal of Counseling & Development. *Journal of Counseling & Development*, 83(2), 155–161. doi:10.1002/j.1556-6678.2005.tb00592.x
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2006). *Ungt fólk 2006. Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi. Rannsókn meðal nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla vorið 2006*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Banks, J. A. (2010). Multicultural Education. Characteristics and goals. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural Education. Issues and Perspectives* (bls. 3–30) (7. útgáfa). Hoboken, NJ: Wiley.
- Banks, J. A. og Banks, C. A. M. (2010). *Multicultural Education: Issues and Perspectives* (7. útgáfa). Hoboken, NJ: Wiley.
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (2007). *Qualitative research in education: An introduction to theory and methods* (5. útgáfa). Boston, MA: Pearson Education.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: SAGE.
- Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Fjölmennning og þróun skóla. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 17–35). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum og Háskólaútgáfan.
- Cedefop. (2014). *Valuing diversity: guidance for labour market integration of migrants* [rafræn útgáfa]. Cedefop working paper; No 24. Luxembourg: Publications Office of the European Union.
- Charmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory: a practical guide through qualitative analysis*. London: Sage.
- Corey, M. S. og Corey, G. (2011). *Becoming a helper* (6. útgáfa). Belmont, CA: Brooks/Cole.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston, MA: McGraw Hill.
- Félag náms- og starfsráðgjafa. (2015). Siðareglur FNS. Sótt af <http://fns.is/si%C3%B0areglur-fns>

- Fríða B. Jónsdóttir (ritstjóri). (2014). *Heimurinn er hér*. Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf [rafræn útgáfa]. Reykjavík: Reykjavíkurborg. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_uppsett.pdf
- Garcea, E. A. A. (2005). Culture as a starting point and framework for guidance and counselling: Basic concepts and perspectives. Í M. Launikari og S. Puukari (ritstjórar), *Multicultural guidance and counselling: Theoretical foundations and best practices in Europe* (bls. 55–71). Jyväskylä: University of Jyväskylä, CIMO.
- Guðlaug Ólafsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen. (2012). Hvað má læra af farsælli reynslu þriggja grunnskóla af fjölmennningarlegu starfi? *Uppeldi og menntun*, 21(4), 29–51.
- Hagstofa Íslands. (2016a). Bakgrunnur. Erlendir ríkisborgarar. Hlutfall af heildarmannfjölda 1950-2014. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/bakgrunnur/>
- Hagstofa Íslands. (2016b). Grunnskólanemendur með erlent móðurmál 1997-2015. Sótt af <http://px.hagstofa.is/pxis/sq/e0b441d4-5e2d-418c-ada9-d7ea37d1b615>
- Hagstofa Íslands. (2016c). Innflytjendur eftir kyni og sveitarfélagi 1. janúar 1996-2015. Sótt af <http://px.hagstofa.is/pxis/sq/b5d2bc01-1e22-4bb4-9ab9-b37a594bf4ae>
- Hagstofa Íslands. (2016d). Innflytjendum heldur áfram að fjölga. Sótt af: <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/innflytjendur-1-januar-2016/>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2004). Vilji og væntingar: Rannsókn á áhrifaþáttum í skólagöngu erlendra barna á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 91–110.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2008). *Collisions and continuities: Ten immigrant families and their children in Icelandic society and schools*. Saarbrücken: VDM Verlag Dr. Müller.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Internationally educated teachers and student teachers in Iceland: Two qualitative studies. *Canadian Journal of Educational Administration and Policy*, 100, 1–31.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Líf og störf ungra innflytjenda. Reynsla ungmenna af tíu ára búsetu á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 20(2), 53–70.
- Hennink, M. M., Hutter, I. og Bailey, A. (2011). *Qualitative research methods*. London: Sage.
- Hook, J. N., Davis, D. E., Owen, J., Worthington, E. L. og Utsey, S. O. (2013). Cultural humility: Measuring openness to culturally diverse clients. *Journal of Counseling Psychology*, 60(3), 353–366. doi:10.1037/a0032595
- Jackson, M. L. (1995). Multicultural counseling: historical perspectives. Í J. G. Ponterotto, J. M. Casas, L. A. Suzuki og C. M. Alexander (ritstjórar), *Handbook of Multicultural Counseling* (bls. 3–16). London: Sage Publications.
- John-Steiner, V. og Mahn, H. (1996). Sociocultural approaches to learning and development: A Vygotskian framework. *Educational Psychologist*, 31(3-4), 191–206. doi: 10.1080/00461520.1996.9653266

- Kasurinen, H., Juutilainen, P.-K., Mastoraki H. og Saukkonen, S. (2005). Counselling immigrant children and adolescents in educational institutions. Í M. Launikari og S. Puukari (ritstjórar), *Multicultural guidance and counselling: Theoretical foundations and best practices in Europe* (bls. 235–263). Jyväskylä: Institute for educational research.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing* (2. útgáfa). Thousand Oaks, CA: Sage Publications.
- Kymlicka, W. (1996). *Multicultural Citizenship: A liberal theory of minority rights*. Oxford: Oxford University Press.
- Leung, C. (2001). The sociocultural and psychological adaptation of Chinese migrant adolescents in Australia and Canada. *International Journal of Psychology*, 36(1), 8-19. doi:10.1080/00207590042000047
- Loewen, S. (2004). Second language concerns for refugee children. Í R. J. Hamilton og D. Moore (ritstjórar), *Educational interventions for refugee children: Theoretical perspectives and implementing best practice* (bls. 35–52). London: RoutledgeFalmer.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.
- Lög um útlendinga nr. 96/2002.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013* (3 útg. með breytingum 2016) [rafræn útgáfa]. Reykjavík: Höfundur.
- Mor-Barak, M. E. (2005). *Managing diversity: Toward a globally inclusive workplace*. Thousand Oaks, CA: Sage Publications.
- Nieto, S. (2010). *The Light in Their Eyes: Creating Multicultural Learning Communities* (10. útgáfa). New York, NY: Teachers College Press.
- Nína V. Magnúsdóttir. (2010). „Allir vilja eignast íslenskar vinir“: Hverjar eru helstu hindranir á vegi erlendra grunn- og framhaldsskólanemenda í íslensku skólakerfi? (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- OECD. (2010). OECD Reviews of migrant education closing the gap for immigrant students: policies, practice and performance . Sótt af <http://www.oecd.org/edu/school/46597313.pdf>
- Orðabanki Íslenskrar málstöðvar. (e.d.a). Fjölmenning. Sótt af <http://www.ordabanki.hi.is/wordbank/terminfo?idTerm=766601&FirstResult=0>
- Orðabanki Íslenskrar málstöðvar. (e.d.b). Fjölmenningarhyggja. Sótt af <http://www.ordabanki.hi.is/wordbank/terminfo?idTerm=766602&FirstResult=0>
- Orðabanki Íslenskrar málstöðvar. (e.d.c). Fjölmenningarleg menntun. Sótt af <http://www.ordabanki.hi.is/wordbank/terminfo?idTerm=766605&mainlanguage=IS>
- Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson. (2011). Ungir innflytjendur og aðrir einstaklingar með erlendan bakgrunn í íslensku samfélagi og íslenskum skólum 1996–2011. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/020.pdf>

- Parekh, B. (2000). *Rethinking multiculturalism: cultural diversity and political theory*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Parekh, B. (2006). *Rethinking multiculturalism: cultural diversity and political theory* (2. útgáfa). Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Parikh, S. B., Post, P. og Flowers, C. (2011). Relationship between a belief in a just world and social justice advocacy attitudes of school counselors. *Counseling and Values*, 56(1-2), 57-72. doi:10.1002/j.2161-007X.2011.tb01031.x
- Phinney, J. S., Horenczyk, G., Liebkind, K. og Vedder, P. (2001). Ethnic identity, immigration, and well-being: An interactional perspective. *Journal of Social Issues*, 57(3), 493-510. doi:10.1111/0022-4537.00225
- Portes, A. og MacLeod, D. (1996). Educational progress of children of immigrants: The roles of class, ethnicity, and school context. *Sociology of Education*, 69(4), 255-275. doi: 10.2307/2112714
- Puukari, S. og Launikari, M. (2005). Multicultural counselling: starting points and perspectives. Í M. Launikari og S. Puukari (ritstjóri), *Multicultural guidance and counselling: theoretical foundations and best practices in Europe* (bls. 27–41). Jyväskylä: University of Jyväskylä, CIMO.
- Ratts, M. J, Singh, A. A, Nassar-McMillan, S. K. Butler og McCullough, J. R. (2015). Multicultural and social justice counseling competencies: guidelines for the counseling profession. *Journal of Multicultural Counseling and Development*, 44(1), 28–48. doi:10.1002/jmcd.12035
- Reykjavíkurborg. (e.d.). Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál. Sótt af <http://reykjavik.is/mottokuaaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>
- Ríkisendurskoðun. (2015). *Málefni útlendinga og innflytjenda á Íslandi* [Skýrsla til Alþingis]. Sótt af http://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/utlendingar_innflytjendur.pdf
- Sigrún Helga Björgvinsdóttir. (2015). *Fjölmenningarleg hæfni náms- og starfsráðgjafa. Færni til framtíðar* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/21188>
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Siraj-Blatchford, I. (2002). *The early years. Laying the foundations for racial equality*. Stoke-on-Trent: Trentham Books.
- Steen-Olsen, T. (2013). Cultural belonging and peer relations among young people in multi-ethnic Norwegian suburbs. *Nordic Studies in Education*, 33(4), 314–328.
- Stefanía Ægisdóttir og Gerstein, L. H. (2010). International counseling competencies: a new frontier in multicultural training. Í J. G. Ponterotto, J. M. Casas, L. A. Suzuki og C. M. Alexander (ritstjóri), *Handbook of multicultural counseling* (bls. 175–188) (3. útgáfa). Los Angeles: Sage.

- Sue, D. W., Arredondo, P. og McDavis, R. J. (1992). Multicultural counseling competencies and standards: a call to the profession. *Journal of Counseling & Development*, 70(4), 477–486. doi:10.1002/j.1556-6676.1992.tb01642.x
- Sue, D. W., Bernier, J. E., Durran, A., Feinberg, L., Pedersen, P., Smith, E. J. og Vasquez-Nuttall, E. (1982). Position paper: cross-cultural counseling competencies. *The Counseling Psychologist*, 10(2), 45–52. doi:10.1177/0011000082102008
- Sue, D. W. og Sue, D. (2012). *Counseling the culturally diverse: Theory and practice* (6. útgáfa). Hoboken, NJ: Wiley.
- Svanhildur Daníelsdóttir. (2009). „Kennararnir eru góðir“ : reynslusögur sex erlendra ungmenna af skólagöngu í íslenskum grunnskólum (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/4011>
- Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: a guidebook and resource*. New York, NY: Wiley.
- Umboðsmaður barna. (e.d.) Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna. Sótt af <https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnasattmalinn-i-heild/>
- Verkuyten, M. (2004). Everyday ways of thinking about multiculturalism. *Ethnicities*, 4(1), 53–74. doi:10.1177/1468796804040328
- Wertsch, J.V. (1984). The zone of proximal development: Some conceptual issues. Í B. Rogoff og J. V. Wertsch (ritstjórar), *Children's learning in the "zone of proximal development"* (bls. 1-18). San Francisco: Jossey-Bass.
- Wrenn, G. (1962). The culturally encapsulated counselor. *Harvard Educational Review*, 32(4), 444-449.
- Pingskjal nr. 1285/2015-2016. Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019.
- Þóroddur Bjarnason. (2006). Aðstæður íslenskra skólanema af erlendum uppruna. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 391–400). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Fylgiskjal I - Trúnaðaryfirlýsing og samþykki fyrir þátttöku

Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið
Félags- og mannvísindadeild
Haustmisseri 2016

Trúnaðaryfirlýsing og samþykki vegna þátttöku

Farið verður með öll gögn þessarar rannsóknar sem trúnaðarupplýsingar. Þátttakendum verða gefin gervinöfn og öllum gögnum verður eytt að lokinni afritun og greiningu viðtala. Auk þess verður gætt til hins ýtrasta að ekki verði unnt að rekja persónugreinanlegar upplýsingar aftur til þátttakenda í meistararannsókninni. Þátttakanda er frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem á viðtali stendur.

Ég undirrituð/undirritaður samþykki hér með að gerast þátttakandi í meistararannsókn um fjölmenningu.

Dagsetning og staður

Undirskrift þátttakanda

Undirskrift rannsakanda

Fylgiskjal II - Viðtalsrammi

Viðtalsrammi fyrir náms- og starfsráðgjafaviðtöl

Bakgrunnur

Geturðu sagt mér aðeins frá sjálfri þér? Aldur, menntun, starf- í hverju felst starfið þitt, starfsreynsla – Hversu lengi hefur þú starfað sem náms- og starfsráðgjafi?

1. Hvað varð til þess að þú fórst í náms- og starfsráðgjöf? Af hverju valdirðu grunnskólann?
2. Hvers vegna koma nemendur í unglingadeild aðallega til náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum? Vegna námsins? Andlegrar líðunar? Samskiptavandamála? Félagslegra vandamála? Er munur á komum eftir kyni?
3. Hvernig er starfi náms- og starfsráðgjafa háttað þegar unnið er með börn og unglinga af erlendum uppruna?
4. Hver eru helstu verkefni sem náms- og starfsráðgjafar í grunnskólanum sinna gagnvart nemendum í unglingadeild af erlendum uppruna? Eru þau vegna námsins? Andlegrar líðunar? Samskiptavandamála? Félagslegra vandamála? Er munur á komum eftir kyni?
5. Fylgir þú einhverri sérstakri áætlun frá skólustjórnendum (skólustefna eða eigin áætlun) í sambandi við hvernig eigi að aðstoða nemendur af erlendum uppruna í náms- og starfsráðgjöf?
6. Hver er helsti munur á að vinna með nemendum af erlendum uppruna og íslenskum? Eitthvað sem kom á óvart? Erfitt?
7. Koma nemendur af erlendum uppruna á eigin forsendum til þín eða eru send af öðrum aðilum í skólanum? Ef já, þá hverjum?
8. Leita nemendur af erlendum uppruna jafn mikið og íslenskir nemendur til náms- og starfsráðgjafa í skólanum? Ef ekki, hvert fara þeir þá?
9. Er unnið eitthvað öðruvísi með nemendum af erlendum uppruna sem leita til náms- og starfsráðgjafa og eru þarfir þeirra aðrar en íslenskra nemenda? Hvernig þá?

10. Hverja telur þú vera helstu félagslegu hindrun erlendra barna í grunnskólanum?
11. Hvert telur þú að hlutverk náms- og starfsráðgjafa geti verið svo nemendur af erlendum uppruna upplifi sig félagslega sem hluta af nemendahópnum?
12. Er einhver samvinna milli grunnskóla hjá náms- og starfsráðgjöfum hvernig sé best að vinna með nemendum af erlendum uppruna? Og þá sérstaklega félagslegu stöðu þeirra? Ef já, hvernig er henni háttað?
13. Hvernig eru náms- og starfsráðgjafar undirbúnir námslega til að aðstoða nemendur af erlendum uppruna, einkum hvað varðar félagslega stöðu þeirra?
14. Hvernig voru námskeiðin í HÍ byggð upp og gastu yfirfært það sem þú lærðir á vinnuna með erlendum nemendum í grunnskólanum? Hvernig þá?
15. Var námskeið (jafnvel fleiri en eitt) í boði um fjölmenningu í þínu námi? Ef engin námskeið: Hvernig ætti slíkt námskeið að vera byggt upp? Áherslur?
16. Er einhver þáttur í þessari umræðu um nemendur af erlendum uppruna í grunnskólum sem þér finnst vera gleymast í þessari umræðu?
17. Eitthvað sem þú vilt að komi fram að lokum?